

SIRKUS

RVK

11. NÓVEMBER 2005 | 21. VÍKA

+ ALLT SEM ÞÚ ÞARFT
AÐ VITA UM
JÓLABÓKAFLÓÐIÐ

BASSINN, BÖRNIN OG BELLATRIX-ÆVINTÝRIÐ

BÍBÍ ER KYNÞOKKAFYLLSTI BASSALEIKARI LANDSINS
OG ÞRIGGJA BARNA MÓÐIR Í VESTURBÆNUM

ALLY MCBEAL-VÆÐING ÍSLANDS – SÆTU STELPURNAR FARA Í LÖGFRÆÐI
ERTU HVÍTT RUSL? – 45 GAGNLEGAR ÁBENDINGAR
MY SPACE – LISTAGALLERÍ 21. ALDARINNAR
SÓDÓMA RVK – ALLT UM MENNINGAR- OG SKEMMTANALÍFIÐ



ISSN 1670-6005

KR. 300

Er fjárhagurinn heilbrigður?



Láttu þá vinna með þér

Reglulegur sparnaður kemur fjárhagnum í gott form

Auðveldasta leiðin til að láta draumana rætast er að spara reglulega. Íslandsbanki býður þér fjölbreyttar leiðir til að gera sparnaðinn fyrirhafnarlausan en áhrifaríkan. Snúðu vörn í sókn og byrjaðu reglulegan sparnað strax í dag.

Þú færð nánari upplýsingar um sparnaðarleiðir Íslandsbanka hjá þjónustufulltrúum, í þjónustuveri í síma 440 4000 og á isb.is.



ÍSLANDBANKI

Við erum Jumbo!

Síðan 1983 höfum við hjá Jumbo samlokum, smurt samlokur fyrir svanga Íslendinga. Við leitumst við að að fylgja eftir síbreytilegum smekk landans hvað varðar skyndibita, ásamt því að framleiða samlokur sem haldið hafa vinsældum sínum frá upphafi. Við hjá Jumbo samlokum munum standa vaktina svo þið, ágætu landsmenn getið áfram gengið að ódýrum og bragðgóðum skyndibita

Samlokur

Kjúklingasamloka
Samloka með roastbeef
Samloka með rækjusalati
Samloka með túnfisksalati
Samloka með hangikjöti og salati
Hollustuloka með eggjum og fersku grænmeti



Ágrænni grein

Reykt skinka
Kalkúnaskinka
Kjúklingur og pestó
Reykt skinka og ólífur
Kjúklingaskinka og kotasæla
Kjúklingur og hvítlauksósa



Langlokur

Roastbeef
Skinka, grænmeti og pítusósa
Kornstöng með fersku grænmeti
Kalkúnalangloka
Kjúklingalangloka
Langloku-RIST með pepperoni



Hyrnur

Roastbeef
Egg og beikon
Klúbbsamloka
Kjúklingur og beikon
Thai-kyúklingur



King Arthur

Rækjur og grænmeti
Kjúklingur og beikon



Matur fyrir mötuneyti



Lasagna
Heitir og kaldir pastaréttir
Pizzur o.fl

Jumbo
Samlokur



Öruggastur í sínum flokki

Volkswagen Fox reyndist öruggasti bíllinn í sínum stærðarflokki í árekstrarprófi ADAC í Þýskalandi og fékk fjórar stjörnur. Prófið er byggt á staðli EuroNCAP og er árangur Fox betri en hjá sambærilegum bílum frá Renault, Toyota, Citroen og Peugeot í samskonar prófum.

Byggt á nýlegu árekstrarprófi ADAC og Autobild.



Nýr Fox

HEKLA kynnir Volkswagen Fox, nýjasta meðliminn í Volkswagen fjölskyldunni. Kraftur og öryggi eru lykilatriðin í hönnun Fox. Hann er rúmgóður, ríkulega búinn og verðið er hreint frábært.

Volkswagen Fox fæst bæði með sparneytinni bensínvél og nýju umhverfisvænu TDI® dísilvélinni sem gerir hann einstaklega hagkvæman í rekstri.

Komdu og reynsluaktu.

9.900 kr. á mánuði*

* m.v. 460.000 kr. útborgun og 84 mánaða bílasamning. Heildarverð 1.180.000 kr.

Reynsluaktu Volkswagen

og þú gætir unnið ferð fyrir fjóra í ævintýralandið Autostadt, skemmtigarð í Wolfsburg í Þýskalandi, sem dregur að sér 4 milljónir gesta árlega.

Dregið verður 20. desember 2005



Aus Liebe zum Automobil

KRÚTTIN KOMA SAMAN Í KÖLN

Um þessar mundir á Þýsk-Íslenska vináttufélagið í Köln 50 ára afmæli. Það kallar náttúrulega á partí sem verður haldið undir lok þessa mánaðar undir yfirskriftinni „Íslandsmyndir“. Reyndar vill fólk meina að þetta sé alls ekki partí heldur menningarhátíð. Hvað svo sem menn vilja kalla þetta þá er alla vega fullt af menningarlegum íslenskum krúttum á leið þarna út að sýna listir sínar.

GEIR H. HAARDE STJÓRNAR

Það veður svo enginn annar en utanríkisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins sem verður veislustjóri ásamt Jürgen Rüttgers, forsætisráðherra sambandslandsins Nordrhein Westfalen. Reyndar verða þeir ekki veislustjórar heldur „verndarar hátíðarinnar“. Við vitum öll hvað það þýðir en hvað um það.

Hátíð þessi mun vera sú

URÐUR MÆTIR Á SVÆÐIÐ ÁSAMT GJÖRNINGABANDINU SÍNU GUS GUS.



MUGISON VERÐUR Á MENNINGARHÁTÍÐINI Í KÖLN ENDA KRÚTT MEÐ MEIRU

ÍSLENSKT MENNINGARFYLLERÍ Í ÞÝSKALANDINU

stærsta sinnar tegundar sem haldin hefur verið í Þýskalandi. Alls munu um 100 listamenn koma fram á hátíðinni, flestir þeirra Íslenskir. Við erum að tala um tískufrömuði, tónlistarfólk, kvikmyndagerðarfólk, myndlistarmenn, ljósmyndara, rithöfunda og fleira. Aðalþókusinn er á íslenska nútímalist og eru aðilar eins og Mugison, Gus Gus og Dagur Kári fyrirferðarmiklir þegar kemur að nútímalistinni.

HVER BORGAR BRÚSANN?

Það eru margar þýskar menningarstofnanir sem koma að þessari miklu Íslandshátíð og standa þær að mestu straum af kostnaði við þetta mikla listafylleri. Íslenska ríkið styrkir batterið þó einnig með fjárframlögum í gegnum ráðuneyti og hinar ýmsu stofnanir.

Talið er að þessi hátíð muni skila miklu fyrir íslenskt menningarlíf í Þýskalandinu en viðburðunum verða gerð ítarleg skil í þýsku sjónvarpi. Þess vegna vekur val á þátttakendum í hátíðinni talsverða athygli en þýsku listfræðingarnir Matthias Wagner, Christiane Stahl og Dirk Roul völdu á sýninguna með dyggri aðstoð íslensku listaelitunnar. Á hátíð þar sem ung íslensk nútímalist á að vera allt í öllu eru listamenn eins og Guðbergur Bergsson, Einar Kárason, Ólafur Haukur Símonarson og Friðrik Þór Friðriksson þátttakendur sem vekur nokkra furðu. Þetta fólk er löngu búið að sanna sig hérna heima og litlar líkur að það eigi eftir að gera stóra hluti í útlöndunum í framtíðinni. Hvernig væri að fara að gefa unga og óreynda fólkinu smá tækifæri?



DAGUR KÁRI VERÐUR Í HLUÐVERKI KVIKMYNDAGERÐARMANNS Á ÞESSARI HÁTÍÐ

HRESSANDI



KISS FM OG FM 957

Já, það er bara málið. Það fá allir nóg af rokkinu á Rás 2, X-inu og X-FM öðru hvoru og vilja hressa sig við með taktföstum tönnum að hætti margra hæða diskóteka einhvers staðar við miðbaug. Þá er tilvalið að skipta yfir á hressa fólkið á FM 957 og KissFM 89.5 og heyra það nýjasta í lbizamúsíkinni. Hressandi í meira lagi.



GYLTI KÖTTURINN

Þetta er verslun sem opnaði um síðustu helgi og lítur bara svona helvíti vel út. Þær Jóna og Ása Ottesen sjá um að velja fötin í búðina og hjálpa fólki við að finna eitthvað við sitt hæfi. Þarna má finna ný og notuð föt en búðin er staðsett á móti Subway í Austurstrætinu, í gamla Planet Pulse-húsnæðinu. Kannið málið, þið munuð ekki sjá eftir því.



ÁSTARFLEYIÐ/BACHELORINN

Stundum þurfum við að láta okkur líða eins og við séum betri en við raunverulega erum. Þá er gott að geta horft á eitthvað sem lætur manni líða vel. Ástarfleyið á Sirkus og Bachelorinn á Skjá einum eru einmitt svoleiðis þættir. Margir sem horfa á þessa þætti hafa orðið fyrir uppljómunum, ekki vegna þess að þættirnir eru svona leiðinlegir heldur vegna þess að þegar á þá er horft er fólk bara virkilega þakklátt fyrir að vera að horfa á þáttinn í stað þess að vera í honum. Svo er þetta bara fyndið.

HEIMILDARMYND UM ÍRAFÁR FYLGIR VIÐHAFNARÚTGÁFU Á NÝJU PLÖTUNNI

Nú stýttist í jólin. Það þýðir bara eitt. Ný plata frá Birgittu og vinum hennar í Írafári. Þetta er þeirra þriðja plata. Platan hefur fengið nafnið Írafár. Hún er komin í verslanir og mun væntanlega rjúka út. „Það var ákveðið að gefa út sérstaka útgáfu á plötunni samhliða þessari venjulegu. Á viðhafnarútgáfunni er líka að finna 90 mínútna heimildarmynd um gerð plötunnar,“ var haft eftir útgefendum plötunnar í vikunni. Þetta þykir móðins í dag, að gera tvær útgáfur af plötum svo æstustu aðdáendurnir kaupi sér báðar gerðir. Svo er bara spurning hvernig þetta heppnast hjá þeim.

VIGNIR ALSÆLL ENDA STYTTIST Í AÐ STEF-GJÖLDIN VERÐI GREIDD ÚT OG HANN ER AFKASTAMIKILL LAGAHÖFUNDUR

Platan var að mestu tekin upp í sumar í Danmörku og er eflaust gaman að sjá Írafárskrakkana spóka sig um í Danaveldi og vinna við plötuna en hvort það standi undir 90 mínútna heimildarmynd er ekki gott að segja. Þau hafa samt fyrir löngu sannað að þetta er eitt vinsælasta band landsins og mun platan efallítið fara í 10 þúsund eintök fyrir jólin. Nýja platan inniheldur 11 ný lög en annars er það að fréttu af Írafári að sveitin lagði upp í heimikið tónleikaferðalag í gær, fimmtudag. Ferðalagið mun standa fram í desember og á þeim tíma mun bandið heimsækja alla helstu þéttbýliskjarna landsins. Verið vakandi. Írafár er á leiðinni.

BIRGITTA ER AÐ FARA AÐ SENDA FRÁ SÉR NÝJA PLÖTU MEÐ ÍRAFÁRI



SIRKUS

365

Auglýsingastjóri: Hannes Steindórsson
Kynningarstjóri: Guðmundur Arnar Guðmundsson

Sölustjóri: Einar Björgvin Davíðsson, sirkusauglýsingar@365.is

Ritstjórn: Ágúst Bogason, Hjörvar Hafliðason, Valur Gunnarsson, Óli Hjörtur Ólafsson, Katla Rós Völudóttir, Sólmundur Hólm.

Áskrift: 550 5000 / askrift@365.is

Prentun forsíðu: Prentmet


Prentun: Ísafold



Forsíðumyndina tók Teitur af Ester „Bibi“ Ásgeirsdóttur bassaleikara Singapore Sling og sonum hennar á heimili þeirra í Vesturbænum.

EFNI

- 6 – Tóta Klippir að sænskum síð
- 8-9 – Sætu stelpurnar fara í lögfræði - Ally McBeal innreiðin
- 12 – MySpace er listagallerí 21. aldarinnar
- 14-15 – Bibí er bassaleikari, móðir og 100% gella
- 17-29 – Allt um jólabókafloðið
- 30-31 – Þær eru báðar 182 á hæð og fóru saman að versla
- 33 – Hvítt rusla eða ekki? 45 ábendingar sem hjálpa þér
- 34-35 – Tónlist. Konurnar taka völdin af körlunum
- 36-37 – Tölvuleikir, bíó og Jón Oddur og Jón Bjarni á DVD
- 38 – Tískusýning í Smáralindinni
- 39-43 – Sódóma RVK
- 44 – Gillzeneggerinn svarar aðdáendum





ÞETTA KLASSÍSKA ER ÞAÐ SEM VIRKAR

TÓTA KLIPPIR ÍSLENSKA
KOLLA AÐ HÆTTI SVÍA

Sirkus hitti 23 ára hárgreiðsludömu að nafni Þórhildur Ýr Jóhannesdóttir eða Tóta eins og hún er kölluð dags daglega. Hún er nýkomin frá Svíþjóð eftir að hafa klippt þar eins og vitlaus manneskja og var að taka yfir hárgreiðslustofuna Hárhönnun á Skólavörðustíg 8. Sirkus leit í heim-sókn.

HVERNIG TILFINNING ER ÞAÐ AÐ REKA SÍNA EIGIN STOFU?

Það er frábær tilfinning. Þetta er auðvitað rosalega mikil vinna og krefjandi en umfram allt ótrúlega skemmtilegt. Þetta er það sem ég vil gera.

ER EINHVER ÁKVEÐIN HÁRTÍSKA ÁBERANDI Í DAG?

Mér finnst fólk vera djarfara í dag. Permanent er að koma mikið inn núna í alls kyns formum og einnig stílhreinar, stuttar klippingar eins og við köllum það á einföldu máli.

HVAÐ ERTU BÚIN AÐ VERA LENGI AÐ KLIPPA?

Það er nú kannski ekki svo lengi miðað við marga, þetta nokkur ár.

HVAÐ ER SVONA HEILLANDI VIÐ HÁRGREIÐSLUBRANSANN?

Það sem mér finnst skemmtilegast við hárgreiðslu er að þú ert alltaf að skapa og það eru engin mörk á því hversu langt þú getur tekið hugmyndirnar þínar.

ER EINHVER SÉRSTAKUR SEM ÞÚ MUNDIR VILJA KLIPPA?

Ekki einhver sérstök persóna. Það er meira að ég sjái einhverja manneskju með hár sem væri geðveikt að klippa.

HVAÐ VARSTU AÐ GERA ÁÐUR EN ÞÚ TÓKST VIÐ STOFUNNI?

Ég bjó í Stokkhólmi og var að klippa á stofu sem mér fannst ótrúlega gefandi og gaman. Stokkhólmur er frábær borg.

STRÍPUR, INN EÐA ÚT?

Það þykir ekki hip af fagfólki í dag að notast við strípur en ég er meðfylgjandi þeim þegar það á við og getur verið fallegt og... já, hip.

HVER ER ALGENGASTA KLIPPINGIN?

Það klassíska er alltaf algengast.

HVERNIG TÓNLIST KVEIKIR Í ÞÉR?

Ég tek mín tímabil eins og aðrir. Þessa dagana er t.d. spænsk salsatónlist að gera eitthvað fyrir mig.

HVER ER FRAMTÍÐIN HJÁ TÓTU?

Ég er mjög opin stúlka og mér finnst gaman að taka því óvænta. En núna er stofan mín númer 1, 2 og 3. Þetta á hug minn og hjarta að öllu leyti um þessar mundir.

ÍSLENSKUR RISI Í JAPAN

EKKI LENGUR BARA DVERGAR SEM SLÁ Í GEGN Í ASÍU

Tónlistarmaðurinn og hönnuðurinn Úlfur Chaka var áberandi hér heima á Íslandi fyrir ekki svo löngu síðan. Hann hafði getið sér góðs orðs sem hönnuður hér í borg fyrir utan að hafa farið fyrir hljómsveitinni Stjörnkusa þar sem hann söng af mikilli innlifun.

Núna hefur Úlfur hins vegar fært sig um set og stundar framhaldsnám í Japan. Úlfur hélt utan í haust og verður í Japan fram á mitt næsta sumar þegar hann snýr aftur, væntanlega reynslunni ríkari. Þegar náðist í Úlf var hann bara hinn hressasti þótt hann vildi sem minnst um veruna í Japan segja. Sirkus RVK getur sér þó til um að hann muni eflaust vekja mikla athygli í Japan enda tveggja metra maður þar á ferðinni í landi þar sem meðalhæðin er rétt yfir einum og hálfum metra, eða þar um bil.

Fram að þessu hafa það aðallega verið íslenskir dvergar sem hafa slegið í gegn í Japan, s.s. Björk og allir smástrák-



BJÖRK SMÁVAXIN OG UM LEIÐ STÓR-STJARNAN Í JAPAN.

arnir í Quarashi (fyrir utan Ómar auðvitað). Sirkus RVK bindur hins vegar miklar vonir við Úlf sem ætlar að sanna í eitt skipti fyrir öll að íslenskir risar geta líka sigrað Japansmarkað.

QUARASHI EKKI ÞEIR HÆSTU Í LOFTINU EF ÓMAR ER EKKI TALINN MEÐ.

ÚLFUR TVEGGJA METRA MAÐURINN MUN ÖRUGGLEGA SLÁ Í GEGN Í JAPAN.



OFURHUGAR TVEGGJA TÍMA

Einstakur lífsferill Jörundar!

Ævi Jörgens Jörgensen, eða Jörundar hundadagakonungs, hefur alltaf verið Íslendingum hugleikin. Í þessari bók er ótrúlegt lífshlaup hans rakið allt frá æskuárunum í Kaupmannahöfn þar til hann lýkur ævi sinni á Tasmaníu.

Sagt hefur verið um Jörund að líf hans væri lygilegra en nokkur skáldskapur enda hafa margir spreytt sig á því að skrifa skáldsögur sem byggja á lífi hans. Þessi bók sýnir þó að engin þörf er á að gripa til skáldskapar til að skrifa æsilega bók um Jörund.

Frásagnargleði og atburðarás sem minnir einna helst á Munchhausen greifa gera þessa bók að frábærri skemmtun en jafnframt veitir hún nýja innsýn í sögu Evrópu á fyrri hluta 19. aldar. Björn Jónsson þýddi.

Sérlega vel skrifuð og vönduð ævisaga.

Bók sem enginn má láta fram hjá sér fara!




John Lennon

Það þarf ekki að kynna John Lennon. Hann er einn frægasti og áhrifamesti tónlistarmaður 20. aldar. Stormasamt líf hans var fullt af öfgum og andstæðum, hann var ýmist hetja eða skúrkur. Hér er á ferðinni hrifandi ævisaga sem segir okkur heillandi sögu af sigrum og ósigrum, baráttu Lennons við djöfulinn í sjálfum sér, dópið og brennivínið og endalaugar tilraunir hans við að gera upp við æsku sína. Steinþór Steingrímsson þýddi.

Frábær bók sem varpar nýju ljósi á eina helstu rokkstjörnu 20. aldar.

SKRUDDA

Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is



FLOTTAR STELPUK FARA Í LÖGFRÆÐI

ALLY MCBEAL-INNREIÐIN ER HAFIN Á ÍSLANDI

Áhugi ungra kvenna á lögfræði eykst frá ári til árs. Í dag eru konur í meirihluta á fyrsta ári í háskólunum þremur sem bjóða upp á lögfræðináms. Ef hægt er að tala um einhverja námsgrein í háskólum sem gellufag þá er óhætt að veita lögfræðináminu þá nafnbót því ógrynni glæsilegra kvenna stundar nám í lögfræði.

Segja má að lögfræði sé franska háskólans því í þeim menntaskóla sem undirritaður stundaði nám í fóru nokkrir félagar hans í frönsku því það var aðal gellufagið í skólanum.

ÞÖKK SÉ HOLLYWOOD

Sirkus Reykjavík vill þakka Hollywood þessa skemmtilegu breytingu sem orðið hefur á viðhorfi fólks og kvenna sérstaklega til lögfræðinnar. Hér áður fyrr var ímynd á löfræðinga leiðinlegir gamlir karlar sem hugsuðu fyrst og fremst um sjálfa sig. Matlock og félagar voru fyrirmyndirnar. En Hollywood veit hvað það syngur.

Pegar Matlock fékk langþráð frí og fór á elliheimili fóru lögfræðingar eins og Ally McBeal, stelpurnar í The Practice og Legally Blonde að taka völdin. Og þetta smitar út frá sér. Sigurður Líndal lagaprófessor má fara að vara sig. Hann er fulltrúi gamla skólans. Lögfræðingar framtíðarinnar verða stórglæsilegar fegurðardrottningar ef svo fer sem horfir.

ALLY MCBEAL, PRACTICE...

Sjónvarpsþættir á borð við Ally McBeal, The Practice, Boston Legal og fjöldinn allur af kvikmyndum hafa sýnt flottar dömur sem starfa sem lögfræðingar og eru alltaf að kljást við einhver ógeðslega spennandi mál. Að ógleymdri Legally Blonde sem eflaust kveikti áhuga margra stúlkna á lögfræðinámi. Þær glæsilegu konur sem leikið hafa lögfræðing-

ana virðast hafa veitt íslenskum gellum mikið sjálfstraust og trú á eigið ágæti.

ROSALEG BEIB Í HR

Með fullri virðingu fyrir Háskóla Íslands og Bifröst þá er óhætt að segja að fallega fólkið sé í Háskólanum í Reykjavík. Maður lifandi, eins Jón Gunnar Geirdal átti til að segja á Effemm á sínum tíma. Að ganga um í skólanum er eins og að vera staddur í hágæða MTV-myndbandi. Gellur á hverju horni, flottir bílar í stæðinu og það eina sem vantar er að 50 Cent og Snoop Dogg byrji að rappa. Kannski ekki sú ímynd sem fólk hafði á lagadeildum fyrir nokkrum árum en þetta er samt nærri lagi í dag.

VERSLÓFÍLINGUR

Háskólinn í Reykjavík er einhver best búi háskóli landsins og aðstaða nemenda er fyrsta flokks. Það leynir sér ekki að skólinn er nokkurs konar sjálfstætt framhald af Verslunarskólanum, enda skólarnir hlið við hlið og ekki óalgengt að gamlar Verslóhetjur í HR mæti í frímó og gefi nokkur „high five“ í gamla skólanum og tékki á lambakjötinu eins og segja má.

Sirkus fór á stúfana og skoðaði hvaða kvenfólk leggur stund á lögfræði hér á landi. Að sjálfsgöðu voru þar konur og karlar af öllum stærðum og gerðum. En grunur okkar reyndist samt sem áður á rökum reistur. Sirkus komst að því að Ally McBeal-væðingin hefur náð hvað lengst innan veggja Háskólans í Reykjavík. Ally McBeal-æðið er heldur betur farið að skila sér inn í menntastofnanir landsins.

BLOGG HJÁ LÖGFRÆÐIGELUM Í HR

blog.central.is/legallyblondes
blog.central.is/lexpiur
blog.central.is/jus

KRISTÍN NINJA
GUÐMUNDSDÓTTIR
OFURSKUTLAN OG
MÓDELÍÐ KRISTÍN
NINJA ER Á ÞRIÐJA ÁRI
Í LÖGFRÆÐI VIÐ HÍ.



FANNEY FRÍMANNSDÓTTIR

Fyrirverandi þátttakandi í Ungfrú Íslandi og laganemi í HR.



LILJA BJÖRK

Unnusta Audda í Strákunum og verðandi lögfræðingur.



HEIÐRÚN MARTEINSDÓTTIR

Ung, framgjörn stúlka sem stundar nám í HR og var þar fyrir utan kosningastjóri Gísla Marteins í nýafstöðnu prófkjöri.



ELÍN ANNA STEINARSDÓTTIR

Fótboltastelpa og lögfræðinemi



EVA SÓLAN

Sjónvarpsþulan hefur fært sig um set og sest á skólabekk á Bifröst. Ætli við sjáum hana ekki næst í réttarsölunum?



HALLDÓRA ÞORSTEINSDÓTTIR

Vamm-ritstjórinn fyrirverandi þykir hin myndarlegasta en hún stundar lögfræðinám við HÍ.



ELVA BARKARDÓTTIR

Hefur tekið þátt í fegurðarsamkeppnum og er unnusta Erps Eyvindarsonar en stundar einnig laganám á Bifröst.



HELENA EUFEMÍA SNORRADÓTTIR

Fyrirverandi keppandi í Ungfrú Íslandi og verðandi lögfræðingur.



UNNUR BIRNA VILHJÁLMSDÓTTIR

Ungfrú Ísland sjálf var að hefja lögfræðinám í HR.



SIGRÍÐUR RUT JÚLÍUSDÓTTIR

Stjörnulögfræðingur Íslands sem sannaði að sætar stelpur geta líka verið góðir lögfræðingar. Hún hefur verið áberandi í mörgum af umtöluðustu dómsmálum síðari ára.



MENNINGARFERÐ MEÐ MÖMMU OG PABBA TIL JAPAN

ÍVAR ÖRN Á STÓRA OG LISTHNEIGÐA FJÖLSKYLDU

ÍVAR ÖRN
HELMASSAÐUR OG VEL TANAÐUR Á LEIÐ TIL JAPAN Í
MENNINGARREISU ÁSAMT FJÖLSKYLDU SINNI.

„Þetta er ábyggilega ein stærsta menningarferð sem Íslendingar hafa farið í til Japans hingað til. Alls er þetta 15 manna listamannahópur, svona multiteater-grúppa, sem samanstendur af dönsurum, hljóðfæraleikum og söngvurum. Við munum heimsækja 15 borgir í Japan og ferðast verður í um allt landið,“ segir Ívar Örn Sverrisson sem er dansari en einnig þekktur fyrir leik sinn í sjónvarpsþættinum Kallakaffi. Ívar Örn mun fara með hópnum til Japans þann 24. nóvember og er mikil tilhlökkun í hópnum.

„Okkur var boðið af einhverju þekktu fyrirtæki í Japan sem hefur áður boðið fjórum öðrum eylöndum í heimsókn með eitthvað í þessum dúr. Konseptið er kallað Fimmeyja-konseptið og er Íslendingum boðið

vegna okkar sérstæðar menningar,“ segir Elín Edda Árnadóttir sem mun einnig fara með hópnum en hún hefur leikmyndina og búninga fyrir sýninguna. Þar fyrir utan er hún móðir Ívars Arnar.

„Það er meira að segja uppselt á allar sýningar sem er mjög merkilegt því að þetta er sýnt í tvöþúsund manna stórum sölum, þeir eru svo vel skipulagðir Japanarnir, sjáðu til,“ segir Elín og hlær. „Í sýningunni túlkum við íslenska menningu í máli, myndum og tónlistin spannar frá miðöldum til dagsins í dag. Sverrir Guðjónsson er listastjóri sýningarinnar og hefur unnið að henni í nokkra mánuði,“ segir Elín Edda en svo vill nefnilega til að Sverrir er faðir áður-nefnds Ívars.

„Lára Stefánsdóttir er danshöfund-

ur, einnig mun sonur minn dansa með í einu atriði en hann er bara tveggja ára gutti. Svo er Lovísa Ósk Gunnarsdóttir dansari, sem er líka í Kallakaffi, með okkur í þessu sem dansari. Við ætlum náttúrulega einnig að leyfa Íslendingum að njóta sýningarinnar en við verðum með nokkur atriði sem verða sýnd 19. og 20. nóvember í Íslensku óperunni,“ segir Ívar og óskum við þeim góðs gengis í Japan. Allir að meika það í Japan í dag. Stórir sem smáir.

SKEGGMOTTAN FARIN Í BILI

BREYTINGAR Á BUCKMASTER



MAGGI LEGÓ
SVONA LEIT MOTTAN ÚT SEM NÚ ER FARIN.

„Þetta er tákni um breytingar,“ sagði Maggi Legó a.k.a. Buckmaster De La Cruz plötusnúður og meðlimur í hljómsveitinni Gus Gus þegar Sirkus spurði út í hann hvað varð um bleiku skeggmottuna sem hann hafði skartað lengi vel en er nú horfin.

„Það kemur ný motta með nýja tímanum. Ég er miklu sætari með mottu,“ segir kappinn sem hefur farið mikinn í hinna árlegu mottukeppni sem haldin hefur verið á Sirkus síðustu árin.

Maggi er núna á leið af landi brott til að spila í Sarajevó með President Bongo sem er með honum í Gus Gus en Maggi sagði að það verði komin ný motta á andlit hans þegar Gus Gus munu spila á NASA þann 17. desember næstkomandi. En verður hún með bleikum lit eins og gamla mottan?

„Alveg örugglega. Ég á svo mikið til af þessum bleika lit þannig að það eru meiri líkur á því að hún verði bleik heldur en minni, en ég lofa engu.“



MOTTUKEPPNIN 2004
HÉR MÁ SJÁ KEPPENDUR Í MOTTUKEPPNINI
2004. MAGGI LEGÓ VAR ÞEIRRA Á MEDAL.



frá 1.695.000 kr.

A STRA



Fiton/SÍA FI014471

Þú færð nýjan Opel Astra frá aðeins **1.695.000 kr.** eða **19.772 kr.** á mánuði.

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2, Sími 525 8000, www.ih.is

Opið: Mán - fös kl. 9-18 og lau kl. 12-16

LISTAGALLERÍ 21. ALDARINNAR

EF ÞÚ ERT EKKI MEÐ MY SPACE ÞÁ ERTU LÚÐI

Á þeim stuttum tíma sem að my space.com hefur verið á netinu hefur það orðið eitt vinsælasta netsamfélag sem um getur. Svo vinsæl er þessi síða að sjálfur Rupert Murdoch, fjölmiðla-kóngur Bandaríkjanna keypti síðuna á litlar 580 milljónir dollara í júlí síðastliðnum.

Í dag hafa 22 milljónir notenda skráð sig allt frá löndum eins og Ástralíu og Zimbawe og fer sú tala hækkandi með degi hverjum. My space hefur líka fleiri flettingar en google.com. Ef þú hefur ekki kynnst my space, þá er kominn tími á það. My space er í einu blogg, vna-einkamála- og tónlistarsíða.

Til að byrja býrð þú til eigin prófil um þig. Setur inn mynd af sjálfum þér,

greinir frá þínum áhugamálum og segir frá sjálfum þér eins og þú vilt að það komi fram á síðunni. Eftir það bætir þú inn vinum þínum og fólki sem þér þykir áhugavert. Einnig er hægt að setja tónlistarmyndbönd, breyta bakgrunninum og setja inn uppáhaldslagið þitt.

Einnig hefur það reynst mjög móðins að hljómsveitabönd hafi gert prófil um sig þar sem, hægt er að hlusta á þeirra efni og hlaða því niður. Sem dæmi má nefna að bönd eins og Trabant, Singapore Sling, Brain Police, Mugison og meira að segja Sálin hans Jóns míns eru öll með síðu á my space.

Sirkus hafði samband við nokkra my space-fikla og spurði þá út í hvað er það sem er svona sérstakt við my space.

ÞEKKT NÖFN Á MY SPACE


HREFNA BJÖRK

Ein af stofnendum Orðlaus-blaðsins. Hvað segir hún á my space? Vill hitta Spice Girls og Ru Paul.



SILLA

Tónlistarkona og prýddi forsíðu síðasta Sirkus-blaðsins. Hvað segir hún á my space? Að hún fíli miðvikudagsfylleri á reiðhjól.



ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON

Forseti íslenska lýðveldisins. Hvað segir hann á my space? Að hann fíli ABBA.



ÓMAR RAGNARSSON

Fréttamaður með meiru. Hvað segir hann á my space? Að hann hafi einstaklega gaman af flugi og fréttamennsku.



FROSTI

Gítarleikarinn í Mínus. Hvað segir hann á my space? Að hann vilji hitta áhugavert fólk.



BIRGIR ÖRN

Söngvarinn í Maus og blaðamaður. Hvað segir hann á my space? Að hann og Guð séu saman í hljómsveit.



ÁRNI EINAR

Plötusnúður og tónleikahaldari. Hvað segir hann á my space? Að hann vilji halda partí og bjóða í það Salvatore Dali, Grace Jones og Albert Einstein.



PRÍKIÐ

Skemmtistaður og kaffihús. Hvað segir það á my space? Prikið er víst tvíkyhneigt þegar spurt er um kyhneigt.



ÁSTA

24 ÁRA HÁRGREIÐSLU- OG SÖNGKONA

1. HVAD ER MY SPACE?

Ótrúlega skemmtileg afþreying og hægt að kynnst tónlist og fólki út un allan heim.

2. HVACÐ ÁTTU MARGA VINI Á MY SPACE?

Núna á ég 205 vini enn það rokkar fram og til baka.

3. HEFURÐU HITT EINHVERN AF MY SPACE?

Já, strákr frá Ítalíu, plötusnúð. Ég var að ferðast um Evrópu með Gus Gus og það hittist þannig á að við vorum á sama tíma í Berlín og ég tók hann bara með mér í partí. Voða finn strákrur.

4. HVER ER UPPÁHALDSVINUR ÞINN Á MY SPACE?

Ég mundi segja að það væri Sveinbjörg vinkona mín.

5. ERTU HÁÐ MY SPACE?

Algjörlega!!

6. AF HVERJU ER ÞETTA SVONA VINSÆLT?

Þetta er ákveðinn félagslegur heimur sem maður dettur inn í. Einnig tónlist sem að þú færð ekki neins staðar annars staðar. My space er ákveðinn nýr heimur sem verður bara þinn.



RÓSA BIRGITTA

26 ÁRA TÓNLISTARKONA

1. HVAD ER MY SPACE?

Samfélag á netinu og staður til þess að hitta fólk.

2. HVAD ÁTTU MARGA VINI Á MY SPACE?

Ég á 171 vin.

3. HEFURÐU HITT EINHVERN AF MY SPACE?

Ég hef hitt tvo.

4. ÁTTU EINHVERN UPPÁHALDSVIN MY SPACE VIN?

Já. Það er einn rastafari sem ég tala mikið við og einn strákrur í Marokko. Einnig mikið af tónlistarfólki vegna þess að það er líka annað sem er svo sniðugt við þetta að þú kynnst svo mörgu tónlistarfólki.

5. ERTU HÁÐ MY SPACE?

Mér fyndist örugglega erfiðara að hætta þar heldur en að hætta að reykja, en ég myndi nú ekkert svitna þó að ég kæmist ekki í tölvu í smá tíma...daga eða vikur.

6. AF HVERJU ER ÞETTA SVO VINSÆLT?

Hlutirnir gerast rosalega hratt í dag og til að geta kynnst ákveðnu fólki sem hefur sömu áhugamál og maður sjálfur hefur þá er þetta kjörinn vettvangur. Einnig með tónlistarsíðurnar þá er þetta sniðugt að finna einhvern til að vinna með og þetta færir einfaldlega fólk saman.



ALASKA

27 ÁRA PLÖTUSNÚÐUR

1. HVAD ER MY SPACE?

Ég tel þetta vera internetskemmtistað. Þetta er eins og góður klúbbur nema þú getur hlustað á tónlistina sem þig langar að hlusta á og talað við hvern sem þú vilt.

2. HVAD ÁTTU MARGA VINI Á MY SPACE?

Ó nei. Ég veit það ekki, 600 eða eitthvað. Eða nei, ég á 617 vini og búin að eyða ofboðslega miklu út.

3. HEFURÐU HITT EINHVERN AF MY SPACE?

Já já. Ég byrjaði á My Space til að halda sambandi við alla vini mína út í London. Svo að ég gæti fylgst með þeim og þeir með mér. Margir þeirra eru ekki með I-Chat eða MSN þannig á my space get ég fylgst þeim daglega.

4. ÁTTU EINHVERN UPPÁHALDSVIN Á MY SPACE?

Ég á ógeðslega margar vini á síðunni. Kannski ekki alveg 617 en mjög margar. Ég get ekki valið á milli.

5. ERTU HÁÐ MY SPACE?

Nei, ég er ekki háð því af því að ég þarf ekki á því að halda en ég er algjör sucker að segja já við alla sem vilja vera vinir mínir. Í dag tækka ég á þessu svona einu sinni á dag og ég er ógeðslega léleg að svara skilaboðum.

6. AF HVERJU ER ÞETTA SVONA VINSÆLT?

Þetta er yndislegur vettvangur til að ferðast. Gefum dæmi ef að þú værir að fara til Hitchcock í Texas (sá staður er víst til), þá gætirðu leitað upp einhvern upp einhvern sem býr þar og sagt „Hey, ég er að koma“. Líka er þetta vinsælt út af hljómsveitunum sem eru með my space-síðu til koma upp ákveðnu „fanbase“ og áheyrendum.



AFREKSFÓLKID NOTAR LEPPIN

BLÓÐSYKUR Í JAFNVÆGI SKILAR ÁRANGRI



jafnvægi - athygli - orka - vellíðan
orkuhleðsla - úthald - bættiefni
endurheimt - uppbygging



- *It tastes better* -

ROKKGELLA ÍSLANDS ELUR UPP SYNI SÍNA Í VESTURBÆNUM

STRÁKUNUM FINNST HÚN MEGA SEXÍ OG STELPUNUM FINNST HÚN ALGJÖR TÖFFARI, ÞÁ ERUM VIÐ EKKI AÐ TALA UM SJÓNVARPSÞÆTTINA STRÁKARNIR OG STELPURNAR. BÍBÍ ER PEKKT SEM KYNÞOKKAFYLLSTI BASSALEIKARI ÍSLANDS. HÚN VAR Í HLJÓMSVEITINNI KOLRASSA KRÓKRÍÐANDI SEM VAR STARFANDI FRÁ ÁRINU 1992 TIL 1999. SíÐAN FLUTTIST HLJÓMSVEITIN TIL LONDON TIL AÐ MEIKAÐA OG KÖLLUÐU SIG BELLATRIX. Í DAG ER BÍBÍ ÞRIGGJA BARNA MÓÐIR Í VESTURBÆNUM EN ER ENN AÐ ROKKA MEÐ HLJÓMSVEITINNI SINGAPORE SLING. SIRKUS RVK VILDI FORVITNAST AÐEINS UM HVERNIG HÚN FÆRI AÐ ÞVÍ AÐ VERA ÞRIGGJA BARNA MÓÐIR OG ALVÖRU ROKKGELLA.

HVER ER BÍBÍ?

Bíbí er náttúrulega ógeðslega skemmtileg stelpa, mega töffari en samt alveg ógeðslega confused töffari. Svo vinn ég í Þjóðleikhúsinu sem hljóðmaður og við hljóðgerð í bíómyndum.

HVAÐ ÁTTU MÖRG BÖRN?

Ég á þrjá syni, einn átta ára og tvíbura sem eru þriggja ára, mjög fjörugir drengir.

HVERNIG HEFURÐU TÍMA TIL AÐ VERA Í FULLRI VINNU, HLJÓMSVEIT OG MEÐ FJÓLSKYLDU?

Ég veit ekki, en ég næ að halda þessu saman vegna þess að í vinnunni er misjafnt hvað er mikið að gera. Ég sé bara um Litla sviðið.

HVAÐ VARSTU GÓMUL ÞEGAR ÞÚ BYRJADIR Í TÓNLIST?

Þegar ég var þrettán ára fór ég að grenja í foreldrum mínum að kaupa píanó því mig langaði svo í tónlistarskóla. Mér leiddist hins vegar svo í náminu, ég nennti ekki að læra heima og gera einhverja tónstiga. Það endaði með því að ég flutti mig yfir á bassa og við stofnuðum hljómsveit sem hét síðan mörgum nöfnum. Hún hét Menn til að byrja með, Sara Þústra hét hún einhvern tímann og líka Græn. Þegar við vorum um fimmtán ára gerðum tvö myndbönd sem Menn og svo fórum við í Músiktilraunir sem Kolrassa krókríðandi og unnum þær árið 1992. En þetta var mjög fyndið, einu sinni nennti trommuleikarinn okkar ekki að mæta því hún vildi frekar horfa á sjónvarpsþáttinn Santa Barbara. Sem Kolrassa krókríðandi gerðum við ógeðslega mikið, gáfum út fjórar plötur og ferðudumst rosalega mikið sem var mjög gaman.

HVERNIG ER SVO HINN DÆMIGERÐI DAGUR HJÁ BÍBÍ?

Alveg rosalega mismunandi, út af vinnunni í Þjóðleikhúsinu þar sem ég sé um Litla sviðið þá er mismikið að gera. Í kvikmyndagerðinni er líka mismikið að gera, stundum er það algjör geðveiki að vera ég en aðra daga næ ég að rétta það af og vera með fjölskyldunni.

HITTIR ÞÚ NÚVERANDI MANNINN ÞINN Á TÓNLEIKAFERDALAGI?

Nei, ég hætti sem sagt í Bellatrix ári áður en hljómsveitin sjálf hætti og áður en Bellatrix gaf út síðustu plötuna. Ég fór í nám til Írlands að læra stúdíóhljóðupptökur. Ég var þar í nokkrum hljómsveitum sem var mjög gaman. Þetta voru ekkert það stórar hljómsveitir en ég kynntist manningum, Nico, þegar hann byrjaði í hljómsveit sem ég var í. Hann kom til þess að gera loopur, hljóð og spila á sampler. Samtals var ég í Dublin í eitt og hálf ár.

SEGÐU OKKUR SMÁ FRÁ BELLATRIX-ÆVINTÝRINU

Þetta voru ógeðslega góðir tímar. Við fórum til Frakklands að túra saman átján ára gamlar. Þetta var algjört ævintýri og algjör forréttindi að hafa gert þetta. Þegar maður horfir til baka sér maður hvað við vorum rosalega duglegar. Líka það að vinna Músiktilraunir var æðislegt og ég held við höfum ekki bara unnið vegna þess að við vorum stelpur þótt það hafi vissulega skipt máli. En það voru allar sveitir að spila deathmetal á þessum tíma en við vorum að spila indí. Þegar ég hlusta á þetta núna þá var þetta mjög skemmtilegt og eitthvað verulega satt við þetta allt saman hjá okkur. Við vorum ungar og kröftugar.

ÞÚ ERT AÐ SPILA INN Á PLÖTU SEM JARA ER AÐ TAKA UPP - HVERNIG KOM ÞAÐ TIL?

Við erum mjög góðar vinkonur, þetta er auðvitað

allt hennar verkefni en ég kem samt með eitthvað inn í þetta. Við erum reyndar að fara að gera skemmtilegt verkefni saman. Ég, Nico og Jara ætlum að gera sniðuga popptónlist sem verður örugglega eitthvað skrytinn.

HVERNÆR ÆTLIÐ ÞIÐ AÐ BYRJA Á ÞESSU?

Bara helst í gær.

HVAÐ TEKUR ÞÚ MIKINN ÞÁTT Í SINGAPOR SLING? FER MIKILL TÍMI Í HANA?

Singapore Sling er mjög afslappað band. Við æfum mikið fyrir tónleika og tónleikaferðalög svo er það bara chill inn á milli, en núna er búið að vera mjög mikið að gera. Við fórum til Berlínar, ferð um Skandinavíu og til London í sumar svo fórum við í tju daga til New York. Þetta er búið að vera mjög skemmtilegt.

Á HVAD ER BÍBÍ AÐ HLUSTA?

Hmm, ég keypti mér disk með CocoRosie nýlega sem er kannski ekkert nýtt en ég er að fíla hann í tætlur. Ég ákváð að kaupa mér eldri diskinn fyrst. Ég er líka að hlusta á The Ravonettes og Mía, mér finnst hún algjör töffari, svona unglíngapönkari sem þorir að vera bara stelpa og gelgubrjálæðingur. Svo er ég bara búin að vera rosa mikið í poppi núna, eins og Supremes.

HVERJIR ERU ÞÍNIR HELSTU ÁHRIFAVALDAR?

Ja sko, fyrst vorum við geðveikir hippar og vorum mikið að hlusta á Led Zeppelin. Síðan var hljómsveit í Keflavík sem hét Pandora sem var undir miklum áhrifum frá Led Zeppelin sem okkur stelpunum fannst voða töff. Við ákváðum að stofna hljómsveit til þess að vera töff líka og það er nú nokkurs konar áhrifaaldur. En ég hef alltaf verið að hlusta mikið á tónlist og hef alltaf verið mjög opin fyrir allskonar tónlist. Um fjórtán ára fórum við alveg út í hippadæmið big time. Ég bjó mér einmitt til rosastórt peacemerki í málmsmíði og var einmitt með það í Hemma Gunn þætti, þá fékk ég að spila með þeirri frægu sveit Pandóru því bassaleikarinn þeirra hætti við á síðustu stundu og þeim þótti kúl að fá stelpu. Ég var meira en til í það því þetta voru náttúrulega idolin mín.

FENGUÐ ÞIÐ EKKI MIKLA ATHYGLI Á ÞESSUM TÍMA SEM STELPUROKKBAND?

Við vorum fyrsta stelpnasveitin, nema náttúrulega Gryllurnar og Dúkkulísurnar, og við vorum eina stelpnasveitin í langan tíma. Núna eru fullt af stelpum að vinna að tónlist. Kannski mikið vegna þess að tækni er orðin þannig í dag að það er svo auðvelt að búa til tónlist í tölvu. Það er hægt að taka upp heima hjá sér og setja lögin inn á myspace. Ég er einmitt orðin húkt á því ég fann David Lynch þar um daginn og núna er hann vinur minn.

HVER ER MAÐURINN ÞINN BÍBÍ?

Það er Nico frá Frakklandi. Hann er að vinna í Bítóhljóð sem er íslenskt fyrirtæki sem hljóðsetur bíómyndir. Við höfum stundum verið að vinna að sömu verkefnum vegna þess að við erum bæði starfandi þar. Bítóhljóð er stærsta svona fyrirtækið á Íslandi sem fær allar íslenskar kvikmyndir og önnur stór verkefni eins og Latabæ.

AFHVERJU ERTU KÖLLUÐ BÍBÍ?

Af því að amma var kölluð Bíbí og hún heitir Ester, ekki áhugaverðara en það.

ÆFIRÐU Á BASSANN Á HVERJUM DEGI?

Nei, ég er svo klár. Nei, náttúrulega fyrir tónleika og svona þarf ég að æfa, en ég er samt svo ógeðslega misjöfn. Stundum er ég rosalega stressuð og æfi mikið en ég æfi mig náttúrulega reglulega.

TEKUR ÞÚ ÞÁTT Í AÐ SEMJA MEÐ SINGAPORE SLING?

Við erum að semja nýtt efni en við erum ekki beint að semja þetta öll saman. Það er aðallega Henrik sem sér um það og stundum einhverjir með honum. Mér finnst þetta konsept sem Singapore Sling er mjög fínt og er ánægð með þetta fyrirkomulag.

HVERNIG GEKK Í TÓNLEIKAFERDALAGINU?

Það gekk rosalega vel, þetta er svona stemningsband. Akveðnar kringumstæður sem virka betur en aðrar.

AFHVERJU BYRJADIR ÞÚ AÐ SPILA MEÐ SINGAPORE SLING?

Þeir höfðu samband við mig. Þetta er ógeðslega gaman og mér finnst algjör frelsun að spila með Singapore Sling.

ER MIKILL MUNUR Á ÞVÍ AÐ VERA Í STRÁKASVEIT EN STELPUSVEIT?

Já, ég er náttúrulega í chilluðustu strákahljómsveit á landinu - og ég var í stressuðustu stelpnahljómsveit á landinu. Ég man þegar bróðir minn sagði einu sinni ef við myndum æfa jafn mikið og við héldum fundi þá værum við virkilega góðar, en það eru aldrei fundir hjá Singapore Sling. Strákarnir eru ekki jafn mikið að velta sér upp úr hlutunum. Stelpusveit er auðvitað frábært fyrirbæri að því leyti að þú kynnist sjálfri þér og ferð út í svo mikið af súrum þælingum. Ég held samt að það séu fleiri sprengjusvæði hjá stelpum.

ÞÚ HEFUR TÚRAÐ MIKIÐ OG FARIÐ Í MARGAR STÓRBORGIR ERU EINHVERJAR SEM STANDA UPP ÚR?

New York er mega snílld, meina þú getur gert allt þar. Ef þú ert í stuði til að fara á hjólaskautadiskótek og drekka martini þá getur þú það. Svo finnst mér Marseille í Frakklandi alveg geðveik.

VILJIÐ ÞIÐ FREKAR BÚA HÉR Á ÍSLANDI MEÐ BÖRNIN EN Í FRAKKLANDI?

Já, allaveganna í bili og á meðan við erum í þessum business sem við erum í hér. Mig langar líka til að flytja út og að strákarnir kynnist Frakklandi. Þeir tala nefnilega frönsku og þess vegna er um að gera að halda því við. Mér finnst París mjög heillandi borg og væri til í að prófa að búa þar einhvern tímann í framtíðinni.

Finnst þér Reykjavík búin að breytast eitthvað?

Já, það er mikill kraftur í gangi núna en mér fannst það líka þegar ég var ung. Þegar við vorum að spila sem Kolrassa krókríðandi var alltaf fullt af útítónleikum og mikill kraftur í gangi svo er eins og það hafi komið lægð en það er alveg brjálað að gerast núna. Flestar hljómsveitir mjög góðar.

EINHVERJAR SÉRSTAKAR?

Hmm, jú Æla frá Keflavík finnst mér mjög skemmtileg. Kannski ekkert rosa frumleg en það er mikill kraftur í henni. Það er mikið í gangi hjá stelpunum líka eins og Mammút og Mr. Silla sem er frábært stöf. Útvarpsmenningin er eitthvað eftir á því hún er ekkert að spila það sem fólk vill heyra og sérstaklega ekki þegar kemur að íslenska efninu.

**„ÞEIR HÖFÐU SAMBAND VIÐ MIG.
ÞETTA ER ÓGÆDSLEGA GAMAN OG MÉR
FINNST ALGJÖR FRELSUN AÐ SPILA
MEÐ SINGAPORE SLING.“**

Skólastyrkur

- fyrir alla!



V16 extra light
Ótakmarkað niðurhal!
3.890 kr.
á mánuði allt innifalið auk bíókorts
og áskrift af tonlist.is!

LOKA ÚTKALL!

Tilboði lýkur 16.nóvember!

Reiknaðu dæmið
til enda...

ADSL tengi í 6 mánuði - 23.340kr.
Full nýting á bíókorti - 19.200kr.
Full nýting á tonlist.is - 8.940 kr.
Afgangur 4.800 kr.

Fáðu greitt fyrir að vera
með ADSL hjá okkur!

Skólastyrkur BTnet!

BTnet hefur verið í fararbroddi um að bjóða lægsta verðið á ADSL. Nú bjóðum við enn betur. Með skólatilboði BTnet fylgir:

- **Frítt niðurhal** (endalaust eins og þig lystir).
- **Frítt í bíó** (gildir í sex mánuði).
- **Frí tónlist** (gildir í sex mánuði á tonlist.is).

Kíktu við í næstu **BT verslun** og fáðu þér áskrift!
Nánar á www.btnet.is



TÓNLIST.IS

SMÁRA BÍÓ

REGNBÖGINN



BTNET

www.btnet.is

GÓÐI RISINN OG STÓRHUGA DVERGAR

BÓKAÚTGÁFA Á ÍSLANDI ER Í BETRI MÁLUM EN BÚAST MÁTTI VIÐ



JÓLABÓKAFLÓÐIÐ

Tvö fyrirtæki takast á um afgangstekjur bíógesta og einblína á ímyndaðan markhóp sem vill einungis sjá amerískar unglingamyndir. Þetta þýðir að unglingamyndir sem sumar fara beint á videóleigur í Bandaríkjunum koma hingað á breiðtjald á meðan jafnvel vinsælar „listrænar myndir“ (þ.e.a.s. myndir sem eru ekki amerískar unglingamyndir) birtast einungis á kvikmyndahátíðum. Sama er uppi á teningnum í plötuútgáfu. 12 Tónar og Smekkleysa gefa út áhugaverðustu plötur á hverju ári, en Sena/Skífan hafa auglýsingafjármagnið og ráða að miklu leyti hvað lendir í jólapökkinum. Maður gæti fljótt á litið haldið að það sama væri að eiga sér stað í bókaútgáfu. Eitt fyrirtæki, Edda miðlun, ber höfuð og herðar yfir hin. En þó er það langt frá því að vera í einokunarsstöðu á markaðnum.

RISARNIR SAMEINAST

Margir höfðu áhyggjur þegar risarnir Vaka-Helgafell og Mál og Menning sameinuðust ásamt fleiri forlögum, en þrátt fyrir það hafa hlutirnir þó ekki farið á versta veg. Öflug fyrirtæki eins og Bjartur og JPV hafa sprottið upp og eiga í samkeppni við risann sem og hvert annað. Forlög eins og Salka og Hólar hafa staðið sig vel, og hið tiltölulega nýstofnaða Skrudda tvöfaldar útgáfu sína í ár. Eldri forlög eins og Skjaldborg og jafnvel Setberg og Fjólvi lifa enn þó þau hafi talsvert dregið saman seglin. En alltaf finnast einhverjir bókakaupendur til að veita þeim stuðning. Og jafnvel risinn sjálfur, Edda,

leggur metnað sinn í að gefa út góðar bækur og er í höndum bókmenntaáhugamanna fremur en markaðsfræðinga.

ÞAR SEM MARKAÐURINN VIRKAR

Það er nefnilega erfitt að fá fólk til að lesa rusl. Lestur skáldsögu útheimtir einfaldlega of mikinn tíma til þess að fólk nenni að lesa vondar bækur, og er því minna ginkeypt fyrir auglýsingum hér en á öðrum sviðum. Sem dæmi má nefna að þó að Sjálfstæðismenn hafi ráðið lögum og lofum í íslensku viðskiptalífi lengi þá tókst þeim aldrei að fá sína menn til að lesa bækur. Bókaforlaginu AB tókst sjaldan að skila hagnaði og þurfti að bera í það fé meðan krötunum og kommunum hjá Máli og menningu tókst næstum því óvart að verða stórveldi í íslenskri útgáfu með því að gefa út bækur sem þeir sjálfir höfðu áhuga á að lesa. Og kannski er það þess vegna sem markaðurinn virkar betur í bókaútgáfu heldur en annars staðar. Það er einungis hér sem hann skilar til fólks því sem það vill fá.

TÝNST Í FLÓÐINU

Íslensk bókaútgáfa er þó afbrigðileg á einn hátt. Þó að talsvert hafi dreifst úr bókaútgáfu undanfarin ár og sumarútgáfan hafi komið sterk inn er þó meginþungi íslenskrar útgáfu enn á haustin og rétt fyrir jól. Hér er vandamálið því ekki að ná athygli væntanlegra lesenda heldur að ná athygli þeirra sem kaupa gjafir handa væntanlegum lesendum. Boðleiðirnar tvöfaldast þar sem forlögin verða að giska á hvað

vekur athygli fólks sem reynir sjálfst að giska á hvað annað fólk vill fá í jólagjöf. Og þegar fólk giskar á hvað telst vegleg jólagjöf er hætta á að það kaupi frekar vörumerki, þ.e.a.s. höfunda sem bera nöfn sem það þekkir fremur en nöfn sem það þekkir ekki. Sala bóka í matvöruverslunum, sem hafa takmarkaðan fjölda titla, gerir það einnig að verkum að það eru sömu bækurnar sem birtast aftur og aftur fyrir augum kaupenda.

VON AÐ UTAN

Nýir höfundur sem alla jafna myndu vekja áhuga lesenda eiga því erfitt uppdráttar í þessu umhverfi. Annars staðar eru fyrstu mánuðir ársins notaðir til að kynna nýja höfunda til sögunnar, en íslenskur markaður er enn of lítill til að bera útgáfu allan ársins hring. Samt er von á einhverjum úrbótum. Bókaklúbbarnir geta verið góð leið til að kynna nýja höfunda fyrir væntanlegum lesendum og er það gleðiefni að minni útgefendur, svo sem Nýhil-hópurinn, geti farið þá leið. Jón Atli gefur bók sína út beint á kilju, sem gerir hana ódýrari og ætti það að gera áhugasömum auðveldara að nálgast hana. Líklega mun þó jólabókaflóðið enn vera ráðandi fram eftir öldinni á Íslandi. En svo hefur jú Arnaldur opnað leiðina til Evrópu, og íslenskir rithöfundar eru ekki jafnbundnir við Ísland og áður. Veitir það því rithöfundum aðrar leiðir til að koma verkum sínum á framfæri en hingað til hafa þekkt.

Valur Gunnarsson

DAGBÓK RÓTTÆKLINGS

„Ég er búin að vera að vinna í þessari skáldsögu í átján ár,“ segir Birgitta Haukdal, sem er á leiðinni í strætó að ná í strákinn sinn á leikskóla. Fólk leggur mismikið í verk sín og til samanburðar má nefna að Egill Gilznegger skrifaði skáldsögu sína á rétt rúmum átján dögum. En hvað tók Birgittu svona langan tíma?

„Það var einn ættingi minn sem reyndi að setja lögbann á hana árið 1995. Hann er greinilega svona upptekinn af sjálfum sér að hann sér sjálfan sig í öllu. Ég vil ekki að fólk lesi þetta sem einhverja fokkaing ævisögu, þó að ég notist stundum við raunveruleikann til að gera hlutina raunsæri.“

FYRSTA SKÁLDIÐ Á NETINU

Birgitta er nýkomin aftur á klakann. „Ég var á rithöfundarþingi í Makedóníu sem var leikhús fátæknis. Þetta er í einu skiptin sem mér finnst ég vera normal. Verst var það þó að við þurftum að sitja uppi á sviði meðan allt var flutt í albönskum þýðingum.“ En hvernig kom þetta til? „Ég var fyrsta íslenska skáldið til að nota internetið og fékk verðlaun árið 1996. Það leiddi af sér að mér var boðið á skáldahátíð í Kólumbíu ári seinna og hef reglulega verið boðið á svona hátíðir síðan. Ég skrifaði einnig ljóð í kennslubók fyrir börn á Indlandi.“ Vefsíða Birgittu er á this.is/birgitta.

AÐFARIR LÖGREGLU ÓTRÚLEGAR


Birgitta aðstoðaði Kristjón Kormák við að gefa út bók sína Frægasti maður í heimi sem hefur fengið talsverða athygli. Skáldsöguna gefur hún út undir eigin merki sem hún nefnir Radíkal. „Ég hef ætlað mér að gefa út þýðingar á bókum sem fjalla um aktívisma og róttækni.“

Birgitta var uppi á Kárahnjúkum í sumar að mótmæla. „Ég er að ritstýra bók sem fjallar um sumarið á Kárahnjúkum og þar er sagt frá aðförum lögreglunnar sem voru vægast sagt ótrúlegar. Við erum einnig að gera heimildarmynd um málið. Íslendingar vilja alltaf sjá árangur strax en það er smám saman verið að fjalla meira um þetta mál svo sem á Ítalíu og Norðurlöndunum.“

Skáldsaga Birgittu ber nafnið Dagbók kamelljónsins. „Ég hugsa um hana sem nokkurs konar „scrapbook,“ og er öll uppsetning út frá því. Kápan er samsett úr tveimur gömlum dagbókum. Sagan er á jaðri raunveruleika og óraunveruleika.“

Valur Gunnarsson

JÓLABÓKAFLÓÐIÐ



BÓK FYRIR ÞÁ SEM ERU OG ÞÁ SEM VILJA VERA FALLEGIR

„Ég er að klára hana í þessum töluðu orðum,“ segir Egill Gilsnegger um væntanlega bók sína, Biblíu fallega fólksins. „Hún nýtist manni hvort sem maður er fallegur eða ekki. Þetta er handbók um hvernig maður á að haga sér á djamminu, tala við dyraverði og svo framvegis. Þetta er kannski fyrst og fremst hugsað fyrir stráka en það er líka kafli um hvernig við viljum hafa dómurnar svo bókinni ætti að geta nýst þeim líka. Svo er þetta líka nett ævisaga. Það eru ýmsar sögur þarna af mér og félögunum.“

Egill er búinn að hafa sig allan við að

klára verkið. „Ég hef þurft að kveðja lúxus eins og að sofa sjö tíma á nóttu. En þetta er búið að vera mjög gaman og ég reikna með að þetta verði fyrsta bókinni af mörgum.“

Ritun bókarinnar tók Gils ekki nema þrjár vikur, enda í góðu formi. „Ég fór á fund með Kristjáni B. í Eddu og þetta var kýlt í gegn.“ Bókin er væntanleg í nóvemberlok. „Þetta er skyldueign á náttborðinu hjá öllu fallega fólkinu, og þeim sem vilja vera fallegir. Það ætti að stækka markhópin talsvert.“

VG



LEIKSTJÓRN: GÍSLI ÖRN GARDARSSON • TÓNLIST OG SÖNGTEXTAR: NICK CAVE OG WARREN ELLIS

GEORGE BÜCHNER

WOYZECK

- Evening Standard ★★★★★
- Guardian ★★★★★
- Blaðið ★★★★★
- Time Out ★★★★★★

Vesturport

NÆSTU SÝNINGAR: FIMMTUDAGUR 10/11 • FÖSTUDAGUR 11/11 • FÖSTUDAGUR 18/11 • LAUGARDAGUR 19/11 • LAUGARDAGUR 26/11 • SUNNUDAGUR 27/11
 MIÐVIKUDAGUR 30/11 UPPSELT • FIMMTUDAGUR 1/12 • FÖSTUDAGUR 2/12 • MIÐVIKUDAGUR 7/12 UPPSELT • FIMMTUDAGUR 8/12

WOYZECK Í BORGARLEIKHÚSINU Í NÓVEMBER OG DESEMBER • MIÐAPANTANIR Í SÍMA 568 8000

BORGARLEIKHÚSIÐ

BJÓRMANN BLÁMANN

Það leit út fyrir að ég myndi fara einn heim eina ferðina enn. Til að fá útrás fyrir gremju mína ákvað ég að finna mér Heimdelling til að rifast við. Reykjavík er enn nógu lítil til að rúma alla ættbálka á nokkrum ferkílómetrum, svo að ég gekk frá Grand Rokki í áttina að Pravda. Pravda merkir sannleikur á rússnesku, og sannleikurinn þar inni var álíka ritskoðaður á sinn hátt og hann hafði verið í Sovét. „Marx hafði alltaf rétt fyrir sér,“ öskraði ég upp og beið eftir að einhver biti á agnið. Beibin litu á mig handan vel hirttra augnhára í augnablik, en gjóuðu svo augunum eitthvert annað, og menn sem voru álíka vel til hafðir veittu mér varla meiri athygli. Ég var engin ógnun við ættbálkinn, maður sem var ekki þess virði að sofa hjá er heldur ekki þess virði að berja.

BLÁMANN MÆTIR TIL LEIKS

En einn afar grannur og gleraugna-prýddur maður í bláum jakkafötum yfirgaf barinn einmana og gekk í áttina til mín.

„Þú ert þá hlyntur skattahækkunum?“ spurði hann og potaði veiklulega en ruddalega í mig.

„Að sjálfsgöðu,“ sagði ég og glotti. Þetta var allt á áætlun.

„Vinstrimönnum ætlar seint að skiljast hvaða áhrif skattahækkunar hafa. Þeir tala eins og skattahækkunar séu bara ekkert mál og hafi engin áhrif nema þau að auka tekjur ríkissjóðs eða borgarsjóðs eftir því hvar menn eru staddir þá stundina. Það er auðvitað rétt sem formaður Sjálfstæðisflokksins bendir á að það hefði áhrif á sparnað í landinu ef skattur á sparnað yrði hækkadur...“

Djísus kræst, það var lengra síðan þessi maður hafði fengið á broddinn en ég.

EFNAHAGSMÁL LEYST MEÐ OFBELDI

„Auðvitað á að taka frá þeim sem mest hafa og gefa þeim sem hafa minnst. Hefurðu aldrei lesið Hróa Hött?“ segi ég.

„Aðeins með því að hinir ríkustu verði sem ríkastir getur efna-hagurinn gengið upp. Hefurðu aldrei lesið Hannes Hólmstein?“ segir hann.

Það var augljóst að þetta yrði ekki leyst með rökræðum einum saman. Ég tók



AUÐVITAÐ Á AÐ TAKA FRÁ ÞEIM SEM MEST Hafa OG GEFA ÞEIM SEM Hafa MINNST. HEFURÐU ALDREI LESIÐ HRÓA HÖTT?

bjórflösku, braut hana og otaði henni að manninum.

„Veistu hver ég er?“ sagði hann ógnandi eins og smástirni í biðröðinni fyrir utan Kaffibarinn.

Ég gekk í áttina að honum með flöskuna reidda. Ég les aldrei hverjir voru hvar dálkana og veit því ekki hverjir eru hverjir.

„Ég er Blámann,“ sagði hann og setti bláan hanska á hægri hönd. Fjórir kolkrabbaarmar spruttu út á hliðum hans eins og á Dr. Octopus, en ég hafði engar vefslöngur til að bregðast við þeim.

OG BLÓÐIÐ FLÆDIR

Armarnir gripu um hönd mína og þvinguðu flöskuna lausa meðan bláa höndin greip um háls minn og byrjaði að kreista. Svona myndi Bjórmann þá enda ævi sína, kæfður eins og Arnarflug í faðmi Kolkraðbans.

Í örvæntingu minni greip ég ösku-

bakka og barði honum í hausinn í Blámann. Hann sleppti takinu. Ég virtist hafa fundið veikleika hans. Ég ýtti afgreiðslufólkinu frá og týndi upp alla þá öskubakka sem ég sá og fleygði þeim í áttina að Blámanni. En helvítinu tókst að grípa þá alla á lofti. Vopnlaus stóð ég andspænis honum og horfði á hann rétta út arma sína. Hann hélt á einum bakka í höndinni bláu og þeytti honum í áttina að mér. Öskubakkinn hafði mig í nefið. Blóð, rautt eins og Þórbergur í himnaríki, spýttist út og lenti á andliti Blámanns eins og klímax í klámmynd.

Ég féll til jarðar. Stelpurnar höfðu byrjað að veita Blámann áhuga um leið og hann sýndi veldi sitt, og hópuðust nú um hann þegar hann stóð uppi sem sigurvegari. Hann tók eina þeirra undir hvern hinna sex arma sinna og leiddi þær út. Ég lá eftir í blóði mínu, sannfærður um að ég væri altént móralskur sigurvegari.



STEPHEN KING DRAP JOHN



STEPHEN KING, MEINTUR MORDINGI JOHN LENNON.

Margir hafa velt vöngum yfir því hvort Brian Jones hafi í raun verið myrtur af byggingaverktökum sínum eða hvort Courtney Love hafi látið drepa Kurt Cobain. Morðið á John Lennon árið 1980 hefur þó af flestum verið talið upplýst. Á síðustu myndinni sem tekin var af Lennon á lífi er hann að árita plötu fyrir Mark Chapman. Skömmu síðar beið Chapman fyrir utan íbúð Lennons í New York, kallaði „Herra Lennon“ í áttina að honum og skaut fyrrum Bítílinn fimm skotum fyrir framan fjögur vitni. Þegar lögregluna bar að garði skömmu seinna lá byssan við hlið hans og hann var að lesa Catcher in the Rye eftir Salinger og hlusta á eina af þeim

mörgu Bítlasnældum sem hann hafði meðferðis. Chapman var dæmdur í ævilangt fangelsi og situr enn inni. En ekki eru allir jafn sannfærðir um sekt hans, svo sem Steve Lightfoot, sem heldur úti heimasíðunni www.johnlennonmurdertruth.com

NIXON OG REAGAN SKIPULÖGÐU MORDIÐ

Samkvæmt Lightfoot voru það þeir Reagan og Nixon sem lögðu á ráðin um morðið, en morðinginn sjálfur var enginn annar en hryllingssagnahöfundurinn Stephen King. Mark Chapman var svo mútað til að taka á sig sökina, valinn vegna þess hve mjög hann líkist King. Lightfoot telur sig finna sannanir fyrir

kenningu sinni með því að rína í dulmál sem hann telur birtast í fréttum í öllum helstu blöðum Bandaríkjanna. Einnig telur hann að finna megi yfirlýsingar um væntanlegt morð í skáldsögum Kings Sales Lot og The Dead Zone. Stephen King sendi Lightfoot bréf þar sem hann hélt fram sakleysi sínu, sem Lightfoot telur enn fremur sýna fram á sekt hans. Faðir Lightfoots lést svo í flugslysi sem Lightfoot telur einnig hafa verið skipulagt af King.

LENNON VAR ÍRI

Þeir sem vilja fræðast frekar um kenningar og heimsmynd Steves Lightfoots er bent á heimasíðu hans, en fyrir þá sem eru


BYLTINGARSINNADIR SÁPUSALAR

JÖRUNDUR HUNDADAGAKONUNGUR VAR TYLER DURDEN 19. ALD-ARINNAR, SÁPUSALI OG BYLTINGARMAÐUR. HANN TÓK VÖLD Á ÍSLANDI Í HUNDRAÐ DAGA EN MINNSTU MÁTTI MUNA AÐ ÍSLAND YRÐI INNLIMAÐ Í BRESKA HEIMSVELDIÐ FYRIR FULLT OG ALLT. NÝ SKÁLDSAGA FJALLAR UM HINA MISHEPPNUÐU SÁPUBYLTINGU Á ÍSLANDI SEM ENDAÐI Í HÁLFGERÐRI FROÐU.

Íslendingar voru ekki jafn nýjungagjarnir fyrir 200 árum og þeir eru nú. Meðan ekki tók nema sex ár fyrir þöknid að komast hingað rak frönsku byltinguna á strendur okkar heilum 20 árum of seint. Og þá fremur sem farsa en harmleik. Jörgen Jörgensen var um margt byltingarsinnaður, þó að hann hafi verið í þjónustu gagnbyltingarafla breska heimsveldisins þegar hann kom hingað til lands. Því þó að hann hafi haft andstyggð á Napóleoni dádrist hann mjög að hugsjónum byltingarsinna, en fyrst og fremt var hann að reyna að verða sér úti um töl til að nota til sápugetur í Bretlandi. Tyler Durden í Fight Club var sem sagt ekki fyrsti maðurinn til að reyna að sameina sápusölu og byltingarstarfsemi.

Íslendingar tóku Jörundi fálega þegar hann gerðist kóngur á Íslandi og tilkynnti að hér eftir skyldu lýðræði og mannréttindi í hávegi höfð. Jörundur var hafður í flimtingum og hefur síðan verið kallaður hundadagakonungur, en er þó merkilegri Íslandsvinur en Harrison Ford og Ryan Philippe samanlagt. Napóleonsstríðin var einhver mesti umbrotatími í Evrópusögu seinni tíma. Meðal afleiðinga þeirra var að danska heimsveldið liðaðist í sundur, og í raun allt annað en sjálfsagt að Ísland skyldi vera rúma öld í viðbót innan þess. Ísland hafði jú verið hluti af konungsríkinu Noregi, og hefði því átt að fylgja með Norðmönnum yfir til Svía þegar þeir tóku við norsku krúnunni, svona laga-

SÁPUSALAR OG BYLTINGARMENN: JÖRGEN JÖRGENSEN OG TYLER DURDEN



lega séð. En innlimun í breska heimsveldið var þó sennilegri, enda varð Ísland á áhrifasvæði Breta næst þegar stórstyrjöld braust út í álfunni.

ENSKA ÍSLAND

Koma Jörundar til Íslands hefði því

hæglega getað leitt af sér nýja enska öld eða tvær í Íslandssögunni, annaðhvort sem hluti af heimsveldinu eða sem sjálfstæð þjóð í skugga þess. Hver veit hvernig þróun Íslands hefði þá orðið? Líklega værum við öll mælt hér á enska tungu frekar en danska í dag og myndum

apa allt upp eftir Engilsöxum frekar en frá gömlu herraþjóðinni í Skandinavíu. Að hugsa sér það. En ef til vill var það rétt að þiggja ekki sjálfstæði í skugga erlends hervalds. Því slíkt væri jú fyrir neðan allar hellur.

MEISTARI OG FORINGI

Jörundur hefði getað orðið forsíðufrétt í íslenskri sagnaritun en endaði í staðinn sem neðanmálsgrein. En hann er neðanmálsgrein sem ekki einu sinni Hólmsteinninn myndi vilja sleppa. Tvær heilar bækur eru nú komnar út um Jörundur. Önnur þeirra er söguleg skáldsaga, Eldhuginn, og er eftir Ragnar Arnalds. Bókin byrjar strax á mikilli keyrslu þar sem okkur er dembt beint inn í sjóorustu í Napóleonsstríðunum þar sem Jörundur stjórnar danskri skútu sem á í átökum við breskt herskip. Er því spennan mikil frá upphafi, en megináhersla bókarinnar er svo ferill Jörundar á Íslandi. Ábótasamara hefur yfirleitt reynst að flytja inn nýjar græjur en nýjar hugmyndir til lítilla eyþjóða, og fór því illa fyrir honum Jörundi. En sagan er eigi að síður góð.

FRÁ NAPÓLEON TIL TASMANÍU

Hin er sagnfræðirit eftir Söruh Bakewell, sem forlagið Skrudda gefur út á íslensku. Sagan þar byrjar heilum 28 árum fyrr, með fæðingu Jörgens í Kaupmannahöfn. Íslandsævintýri hans er afgreitt hér í einum 18 blaðsíðna kafla, og þar með dettur hann út úr Íslandssögunni og flestar íslenskar frásagnir enda hér. En er það þó rétt byrjunin á afar litríkum ferli Jörundar, sem sem er viðstaddur lokaósigur Napóleons við Waterloo og endar á hinum enda hnattarins í Tasmaníu. Bókin nefnist Jörundur hundadagakonungur á íslensku, enda er það það sem hann er helst þekktur fyrir hérlendis, en á ensku nefnist bókin „The English Dane,“ og þykir það merkilega. En hvorugur titillinn er þó fullnægjandi starfsheiti á þessum mikla ævintýramanni.

Valur Gunnarsson

LENNON

á hugasamari um John Lennon er nýttkominn enn ein ævisaga hans. Ófáar bækur hafa verið ritaðar um Lennon, sem hefði orðið 65 ára á þessu ári, og sumar þeirra hafa verið þýddar á íslensku. Sú nýjasta ber einfaldlega heitið John Lennon: Ævisaga, og er gefin út af Skrudda. Bókin er fyrst og fremst hugsuð sem inngangsverk um manninn, og er einkar vel myndskreytt. Það sem einkennir hana þó sérstaklega er að áhersla er lögð á írskan uppruna Lennon, og er fjallað um hvernig írski arfleifðin hafði áhrif á líf hans og tónlist. Meðal annars samdi hann lagið „The Luck of the Irish,“ og keypti sér jafnvel eyju undan ströndum Írlands.

KARLEMBURNAR HENNAR MÖMMU

Mikið er vitnað í texta Lennons í bókinni, og sleppir þýðandi sér lausum við þýðingu þeirra. Lína úr Gimme Some Truth er þýdd sem: „stutthærði, huglaus marðarsonur, taugaveikluðu, geðveikluðu, sauðþráu pólitíkusar, drumslegu yfirlætisfullu karlemburnar hennar mömmu sinnar.“ Og nú er bara að biða eftir að einhver taki þessar þýðingar upp á arma sína og gefi þær út á disk. Til dæmis gæti það verið hugmynd fyrir næsta Idol-sigurvegara ef hann vantar eitthvað að syngja.

Valur Gunnarsson



JOHN LENNON, SÖNGVASKÁLD

BÆKUR FYRIR FRÁSKILDA KARLMENN

TVÆR BÆKUR, EIN FINNSK OG ÖNNUR
ÍSLENSK, LÝSA LÍFI KARLMANNA EFTIR
AÐ KONUR ÞEIRRA HVERFA Á BROTT.
BÁÐAR ERU AFAR FYNDNAR.



**MATTI ER HINN FULLKOMNI MJÚKI
MAÐUR, ELÐAR OG HREINSAR,
HUGSAR UM BÖRNIN, ER BLÍÐUR
JAFNT FYRIR SEM EFTIR KYNLÍF.**

JÓLABÓKAFLÓÐIÐ

Ég sit í garðröllum undir eplatrjánunum og renni berum fótunum eftir grasinu. Það er eftirmiðdagur í ágúst, gufubaðið er að hitna.“ Þannig byrjar bók Kari Hotakainens, Skotgrafarvegur, á fullkominni finnskrí hamingju. En hamingjan er ekki hönnuð til að endast, allra sist í Finnlandi, og áður en fyrstu blaðsíðu lýkur eru Finnar búnir að tapa gegn erkiffendunum Svíum í handknattleik og konan farin að vonast til að sögumaðurinn Matti brenni hægt í helvíti.

MJÚKI MAÐURINN SLÆR FRÁ SÉR

Matti er hinn fullkomni mjúki maður, eldar og hreinsar, hugsar um börnin, er blíður jafnt fyrir sem eftir kynlíf. En það dugir þó ekki til, hann missir stjórn á skapi sínu eitt augnablik og gefur konu sinni glóðarauga. Þar með er allt hrúnið. Hann ákveður að besta leiðin til að fá konuna og dótturina aftur heim sé að fjárfesta í húsi, en þá er góð ráð afar dýr. Hann tekur á sig ýmsa aukavinnu til að hafa efni á húsakaupunum, meðal annars braskar hann með þýfi og gerist eróískur nuddari. Þó að hann vinni við að æsa upp konur verður það sist til þess að hann gleymi fyrrum eiginkonu sinni. Þvert á móti fær það hann til að hugsa um hana enn stífar enda einnar konu maður.

BARÁTTA VIÐ RÚSSA OG KONUR

Finnland hefur löngum verið í fremstu röð hvað varðar kvenréttindi jafnt sem menntun og ef til vill fer þetta saman. Finnskar konur voru þær fyrstu í Evrópu til að hljóta kosningarétt árið 1906. Þær gerðust þó ekki fullgildir þjóðfélagsþegnar þar frekar en annars staðar fyrir en á áratugunum eftir síðari heimsstyrjöld. Það er einmitt sú bylting sem Matti er að súpa seyðið af. Hann líkir baráttu kynjanna, sem hans kynslóð þurfti að standa í, við baráttu kynslóðarinnar á undan við Rússa. Og rétt eins og stríðunum við Rússa lauk með undarlegu jafntefli og friðsamleg en köld sambúð tók við af fallbyssugný stríðsins sem enginn er viss um hvor tapaði eða vann, er Matti ekki viss um hver útkoma kynjabaráttunnar var. En án konunnar getur hann ekki verið.

ÁTÖK OG ÁSTIR Á ÖLSTOFUM

Þórður Kjartansson, söguhetja skáldsögunnar Glapræði eftir Eirík Bergmann Einarsson stjórn málafræðing, lítur öðruvísi á málið. Bækurnar byrja á svipaðan hátt, fráskilinn karlmaður lítur um öxl.



**GLAPRÆÐI LÝSIR AFAR VEL
HEIMI ÞEIRRA SEM ERU ENN
EDA HAFI ALLTAF VERIÐ EINHLEYPÍR.**

Hér er byrjað á öðrum hluta bókarinnar þar sem sögumaður vaknar þunnur við hlið ókunnugrar konu og kynnist þar með gleði og sorgum í lífi einhleypra, en svo tekur við fyrsti hluti þar sem sagt er frá skilnaðinum. Eiginkonan hefur haldið framhjá með vini Þórðar en í stað reiði finnur Þórður fyrir létti, gengur út, leigir

sér íbúð og byrjar nýtt líf. Þegar hann loksins ræðir við fyrrverandi konu sína kemur í ljós að hvorugt þeirra hafði verið að lifa drauma sína, „þetta bara gerðist svona“. Þannig eru sambönd oft mynduð, með augnabliks vopnahléi og hvorugur aðillinn er reiðubúinn til að halda áfram átökum á ölstöfum borgarinnar.

STJÓRN MÁLAFRÆÐI KYNJANNA

Glapræði lýsir afar vel heimi þeirra sem eru enn eða hafa alltaf verið einhleypir. Þegar Þórður tekur sér starf sem blaðamaður og eyðir hverju kvöldi í krús er bók in oft á tíðum óþægilega sönn. En sannleikurinn er sagna fyndnastur, eins og Simpsons hafa bent á, og Eiríki, sem hingað til hefur einbeitt sér að sambúðarefðileikum Evrópuríkja, ferst vel að fjalla um samskipti karla og kvenna enda þarf líklega stjórn málafræðing í verkið. Sérstaklega er fyndið þegar hann lýsir lífinu í Stjórnarráðinu sem framlengingu á ströngu kastasamfélagi unglunga. Reglurnar breytast en leikurinn er ávallt sá sami. Skotgrafarvegur hefur víðari skírskotun þar sem Hotakainen reynir, og tekst, að skilgreina brotna sjálfmynd heilrar kynslóðar karlmanna. En sem lýsingu á lífinu á Þarnæstabar tekst Glapræði afar vel upp.


Valur Gunnarsson

BRASILÍUMENN ERU FJÓRUM MÍNÚTUM LENGUR AÐ FÁ ÞAÐ

Gamli perrinn Paulo Coelho mætir gamla perranum Thor Vilhjálmssyni í þýðingu hins síðarnefnda á bók hans fyrrnefnda, Alkemistanum. Thor er best þekktur fyrir jólametsölubókina Grámosinn glóir, sem fjallar um samfarir hálf systkina. Paulo þessi er Brasilíumaður sem hefur nýverið sent frá sér sína 14. skáldsögu, The Zahir, er fjallar um stríðsfréttaritara sem leitar konu sinnar á Spáni, Króatíu og Mið-Asíu. Síðasta bók hans nefndist Ellefu mínútur og fjallaði um

raunir brasilískrar vændiskonu í Sviss. Titillinn vísar til þess að Coelho heyrði einhvers staðar að allur heimurinn snerist um þessar sjö mínútur sem samfarir taka að jafnaði. En verandi bæði bjartsýnis- og Brasilíumaður lengdi hann tímann upp í ellefu. Hans þekktasta bók er Alkemistinn frá árinu 1988 sem kemur nú, eins og áður segir, út í íslenskrí þýðingu Thors. Annar aldraður íslenskur meistari, sjálfur Guðbergur Bergsson, hefur einnig tekið að sér að

þýða bók eftir Coelho og hefur hann tekið verkið Verónika ákveður að deyja upp á arma sína. Verónika þessi ákveður, eins og nafnið bendir til, að deyja en það fer ekki betur en svo að sjálfsmorðstíraunin misheppnast. Verónika vaknar á sjúkrahúsi með skaddað hjarta sem mun þó draga hana til dauða innan fárra daga. Hún fer þá að velta fyrir sér hvort þetta hafi verið svo góð hugmynd til að byrja með.



100% ÖRYGGI

EF HÚN ER EKKI INNI FÆRÐU HANA FRÍA*

*EF MYNDIN STAR WARS III ER EKKI INNI ÞÁ FÆRÐU HANA FRÍA TIL UTLEIGU | EINN SÓLARHRINGUR MEST ÞEGAR ÞÚ KEMUR GEGN FRAMVÍSUN "100% ÖRYGGI" KORTS. GILDIR EINN MÁNUÐ FRÁ AUGLÝSINGU OG AÐEINS Á ÞEIM SÖLUSTADPAR SEM MYNDIN VAR EKKI INNI.



NÝJUSTU MYNDIRNAR
MEÐ 100% ÖRYGGI




VIDEOHÖLLIN
Á þínu bandi

BÓNUSVÍDEÓ

Leigan í þínu hverfi

SJÁLFSFRÓUN FRAMTÍÐARINNAR

BRÆÐURNIR HERMANN OG JÓN HALLUR STEFÁNSSYNI
GEFA BÁÐIR ÚT SKÁLDSÖGU FYRIR JÓLIN. ÖNNUR ÞEIRRA
ER GLÆPASAGA OG HIN ÁSTARSAGA. ÞEIR ERU EINNIG AÐ
GEFA ÚT JÓLAPLÖTU SAMAN, ÞAR SEM GRENJAÐ ER Í
KRINGUM GRENITRÉ. HERMANN HEFUR LÍKA MIKINN
ÁHUGA Á SJÁLFSFRÓUNARVENJUM FRAMTÍÐARINNAR.



JÓLABÓKAFLÓÐIÐ

24

Hermann og Jón Hallur eiga ýmislegt sameiginlegt. Þeir eru báðir að gefa út plötu fyrir jólin. Saman. Og þeir eru báðir að gefa út skáldsögu. Hvor í sínu lagi. Þeir eiga jafnframt sömu foreldra. Saman. Bók Jóns Halls nefnist Krosstré.

„Strákur finnur pabba sinn slasaðan á Þingvöllum, og grunar hann um að hafa drepið ástkonu sína,“ segir Jón Hallur um bók sína. „Mín er ástarsaga,“ segir Hermann um sína bók, Stefnuljós. Farnast ástkonunni þar betur?

„Ég segi ekkert um hvort hún lifi þetta af. Systkini komast að því að ástvinir þeirra eiga í sambandi hvort við annað. Síðan fléttast inn í þetta fyndin, grótesk framtíðarsaga. Rithöfundurinn í bókinni er að skrifa skáldsögu og verður fyrir óvæntum áhrifum frá bókinni Sjálfsfróun í Portúgal. Í framtíðinni er fólk farið að fróa sér í kurt-eisisskyni. Framtíðin er því tómt rúnk eins og samtíminn.“

SJÁLFSFRÓUN Í PORTÚGAL

Hefur enginn trú á framtíðinni lengur? Hvers vegna er fólk svona sólgíð í myrkar framtíðarsýnir?

„Þetta er lögmál hryllingsins. Maður vill myrkaborgir og leðurblökur. Þegar hér er komið við sögu eru leðurblökur komnar til Íslands, enda gerbreytt klíma. Það kemur allt hingað á endanum, þegar ég var lítill voru ekki einu sinni til vespur hérna.“ Þeir bræður virðast þó eitthvað sólgirnir í sólina, enda eru báðir áhugamenn um Spán og hafa búið þar. Hvor í sínu lagi.

„Ég bjó í Galísíu á Norður-Spáni,“ segir Hermann. „Þar sá ég bókina um sjálfsfróun í Portúgal. Ég keypti hana hins vegar ekki, maður verður að ímynda sér þær bækur sem maður hefur ekki lesið, og þær hafa því mest áhrif á mann.“

TILBOÐ SEM HANN GAT EKKI HAFNAÐ

Jón Hallur lærði spænsk fræði og er málfræðingur, meðan Hermann nam spænskar bókmenntir. Hermann hefur áður gefið út smásagnasafnið Níu lykla sem hlaut góðar viðtökur, en hvers vegna byrjaði Jón að skrifa?

„Það var eiginlega Hermann sem kom mér út í þetta. Ég las smásögu sem hann sendi í glæpasagnakeppni hins íslenska glæpafélags og Grand Rokks í fyrra. Það voru þrenn peningaverðlaun í boði, þau fyrstu nokkuð há, þannig að ég ákvað að taka þátt. Og vann fyrstu verðlaun. Snæbjörn í Bjarti langaði til að vera með í glæpaflóðinu og vildi gefa hana út. Hann gerði mér svo tilboð sem ég gat ekki hafnað.“

Nú, sagði hann þér að annaðhvort yrði undirskrift þín á samningnum eða heilinn þinn?

„Nei, en hann borgaði mér kaup til að geta unnið við hana í hálf ár þar sem ég var ekki í aðstöðu til að gera slíkt peningalaust.“

JÓLIN ERU EKKI BARA GLEÐI

Jón Hallur skrifaði ljóð á árum áður í ljóðablaðið Ský. „Flugfélag Íslands stálu nafninu af okkur. Við erum að spá í að gefa út andlegt flugtímarit og kalla það Við sem fljúgum, rétt eins og þeirra tímarit hét áður.“

Hermann spilar á banjó og trommur í hljómsveitinni 5tu herdeildinni, en önnur plata hljómsveitarinnar er væntanleg hingað til lands fyrir jól. Báðir voru þeir í hljómsveitinni Lestir frá Reykjavík, saman, og hafa gefið út sólóplöturnar 13 tímar og Súkkulaði og kók. Hvor í sínu lagi. Og nú eru þeir að gefa út jólaplötu. Saman.

„Þetta eru dapurleg kántríjól,“ segir Hermann. „Það er meira að segja lag þarna sem heitir Gengið í kringum grenitréð og grenjað. Það blandast mikið af tilfinningum í jólin, þetta er ekki bara gleði.“

En hvernig er það annars, Hermann, er skáldsagan ekki dauð?

„Skáldsagan er búin að vera dauð í 200 ár. Hver ný skáldsaga er eins og hjartahnoð. Það eru skrifaðar greinar um dauða skáldsögunnar á hverjum degi. Það ætti frekar að skrifa skáldsögur um dauða annarra hluta. Eins og jólalaga.“

Valur Gunnarsson

**Komnar í
verslanir á
DVD!**



Frábærlega fáránleg. Sérstaklega skemmtileg. Geðveikislega geggjuð. Þetta er stjarnfræðilega fyndin og trufluð gamanmynd um Leiðarvísi puttaferðalangsins um himingeiminn.



Eitthvað sem öll heimili verða að eiga Back To The Future myndirnar úr smíðju Stevens Spielbergs í einum glæsilegum pakka. 4 diska safn troðfullt af aukaefni.

Ekki falla á tíma og tryggðu þér þessa í safnið.

Tryggðu þér eintak strax í dag!

SAM MYNDIR

VICTORIA BECKHAM, FYRRVERANDI KRYDDPÍA OG MEINT TÍSKUGÚRU, VIÐURKENNDI Í SAMTALI VIÐ ENSKT TÍMARIT AÐ HÚN HAFI ALDREI LESIÐ BÓK. Í KJÖLFARIÐ VAR GERÐ KÖNNUN Á LESTRI MEÐAL UNGRA KVENNA Á ENGLANDI OG KOM Í LJÓS AÐ FJÖLMARGAR KONUR ÞAR Í LANDI HAFI LÍTIÐ SEM EKKERT LESIÐ AF BÓKUM SEM EKKI TELJAST TIL NÁMSEFNIS. SIRKUS HAFÐI SAMBAND VIÐ FIMM SKEMMTILEGAR UNGAR DÆTUR BÓKAPJÓÐARINNAR OG SPURÐI HVAÐ ÞÆR VÆRU AÐ LESA UM ÞESSAR MUNDIR.

AÐALLEGA LESIÐ UM JÓLIN



**ÞÓRÐÍS BRYNJÓLFSSÓTTIR, NÝBÓKUN
MÓÐIR OG HANDKNATTLEIKSKONA**

„Ég er að klára að lesa bækurnar um Ísólkið. Reyndar er ég alltaf á leiðinni að fara klára það en gerist frekar hægt,“ segir Þórdís enda hefur hún í nógu að snúast sem móðir þessa dagana.

„Sú bók sem hefur haft mestu áhrifin á mig og stendur svolítið upp úr er án efa bókina í fjötrum. Hún fjallar um stöðu kvenna í arabaheiminum og fær mann virkilega til að hugsa.“



**VALDÍS LILJA ANDRÉSDÓTTIR,
UNGRÚ AUSTURLAND OG NEMI**

„Ég les frekar lítið utan náms ef ég á að segja alveg eins og er. Ég bara gef mér svo sjaldan tíma til að lesa og það er eitt-hvað sem þyrfti kannski að breytast. En ef ég ætti að nefna uppáhalds bókina mína þá koma bækurnar um Bert ofarlega í huga,“ segir Valdís og á þar við sænska þakkarann sem gerði allt vitlaust fyrir rúnum áratug.



**GUÐRÚN SÓLEY GUNNARSDÓTTIR,
LANDSLÍÐSKONA Í KNATTSPYRNU**

„Bókin sem ég er að lesa núna er Investment Management eða eitthvað álíka, en bókina tengist náminu mínu. Ég er ekki mikill lestrarhestur en les þó alltaf eitthvað þegar tími gefst til. Ég held mikið upp á bækur Amaldar Indriðarsonar, finnst þær reyndar mjög góðar.“

JÓLABÓKAFLÓÐIÐ



**MANÚELA ÓSK HARÐARDÓTTIR, NEMI Í
HEILBRIGÐISVERKFRÆÐI Í HR OG MÓÐIR**

„Ég er að lesa stærðfræðigreiningar því ég er að fara í próf í næstu viku. Ég hef verið mikill lestrarhestur í gegnum tíðina en ég veit ekki hvernig því verður háttað í ár með einn eins árs hlaupandi út um allt,“ segir fegurðardrottningin og nýbakaða móðirin Manúela.

„Uppáhalds bókina mín er Sjálfstætt fólk eftir Halldór Laxness, ég held að það sé engin spurning. Ég get lesið hana aftur og aftur.“



CHLOÉ OPHELIA, NEMI

„Vegna anna hef ég ekkert verið að lesa að undanfögnu. En hins vegar les ég töluvert og þá sérstaklega um jólin. Ég er mjög spennt fyrir því að lesa bókina Myndin af pabba, bókina um Thelmu. Ég ætla að lesa þá bók við fyrsta tækifæri.“ Aðspurð um uppáhalds bókina sína segir Chloé: „Mér finnst allar Harry Potter-bækurnar alveg æðislegar.“

Gæðu kröfur!



-bragðgóð skemmtun

Bíóveisla

Íslandsbanki kynnir Bíóveislu á Ruby Tuesday

Verslaðu máltíð af bíomatseðli
Ruby Tuesday milli 14 og 18 alla daga
og þú færð bíomiða í kaupbæti.
Tilboðið gildir eingöngu
fyrir félagi í Námsvild
Íslandsbanka.



Waiting...

Ryan Reynolds


Never F@K with the people
that serve you food!

NÁMSVILD



ÍSLANDBANKI | 100%

Frá John Singleton leikstjóra
"2 Fast, 2 Furious" og "Boyz n the Hood"



FOUR BROTHERS

They came home to bury mom
...and her killer

HÖFÐABAKKA 9 • 517 3990 & SKIPHOLTÍ 19 • 552 2211

„ÞAÐ HEFUR VERIÐ METNAÐUR
OKKAR AÐ GEFA EKKI ÚT DRASL.“

BLÓM SPRETTA OG FÖLNA Í ÍSLENSKRI ÚTGÁFU

BÓKAFORLAGIÐ SKRUDDA ER Í ÖRUM VEXTI

JÓLABÓKAFLÓÐIÐ

„Það hefur verið metnaður okkar að gefa ekki út drasl heldur að gefa út bækur sem við höfum sjálf áhuga á. Ég vona svo bara að það hafi tekist,“ segir Steingrímur Steinþórsson útgáfustjóri Skrudda, sem er eitt þeirra forlaga sem hefur verið í örur vexti undanfarið. „Við erum að gefa út helmingi fleiri bækur nú en í fyrra, 16 bækur alls.“ En eru þeir á leiðinni að verða fjórða aflið í íslenskri bókaútgáfu, á eftir Eddu, JPV og Bjarti?

„Nei, það held ég ekki. Hólar og Salka gefa líklega út fleiri bækur. Það eru alltaf einhver blóm að spretta upp og önnur að fölna. Það eru svona 4-5 forlög sem eru á uppleið og við erum eitt af þeim.“

Skrudda er nú á sínu þriðja útgáfuári.

„Það hefur gengið ágætlega undanfarin ár. Við erum ekki að gefa út jafn þungar bækur núna þannig að við höfum haft tíma til að hafa þær fleiri í ár. Við erum farin að snúa okkur meira að skáldsögum og ævisögum, sem er auðveldara að gefa út og eiga meira erindi í jólaflóði en myndskreyttar bækur.“


Eru einhverjar bækur sem þú bindur sérstakar vonir við?

„Ingólfur Margeirsson hefur alltaf selt og við höfum átt samstarf við hann áður. Annars veit maður aldrei hvað selur. Ég hef trú á Jörundi hundadagakonungi. Hér kemur saga hans mjög vel útilátin og nákvæm. Og svo veit maður aldrei hvernig gengur með Lennon. Ég vona líka að bók Einars Berg-

mann, Glapræði, spyrjist vel út, en það er mikilvægt fyrir nýjan höfund. En mestar vonir bind ég við Spiderwich-bækurnar, sem eru ævintýri sem gerast í nútímanum og fjalla um systkini sem uppgötva hulduheim í helli. Við gefum út tvær bækur í ár og þrjár á næsta ári og svo er bíómynd væntanleg 2007. Bæði börn og fullorðnir virðast hafa gaman af þessu.“

Og er stefnt að enn fleiri bókum á næsta ári?

„Það verða líklega fleiri titlar á næsta ári já, og sumir af þeim kiljur. Annars segir fjöldi titla ekki alltaf allt,“ segir Steingrímur, sem mun reyna að halda áfram að gefa ekki út drasl.



BÓKIN STÆRRI EN NOKKRU SINNI FYRR

Hin árlega bók um íslenska knattspyrnu eftir Víði Sigurðsson blaðamann á Morgunblaðinu kemur út í 25. skipti í ár. Bókin hefur aldrei verið vegglegri en í ár.

Fyrsta bókinni í bókaflóknum Íslenk knattspyrna kom út árið 1981. Þá var það Skagamáðurinn Sigurður Sverrisson sem ritaði bókina. Ári seinna kom Víði Sigurðsson honum til aðstoðar og árið 1983 tók Víði alfarið við bókinni og hefur ritað hana einn síns liðs síðan. Bókin í ár, sú 25. í röðinni, er stærri og glæsilegri en nokkru sinni fyrr. Hún er 223 blaðsíður og þar af 64 síður í lit.

Í bókinni í ár er að finna ítarlega umfjöllun um Eið Smára Guðjohnsen, leikmann og Englandsmestara Chelsea og fyrirliða íslenska landsliðsins.

Eiður Smári sem varð 27 ára á árinu varð fyrstur Íslendinga til að vinna þessa mikils metnu deild. Fjallað er ítarlega um efstu deildir karla og kvenna, landsleiki, Evrópuleiki og bikarinn. Einnig neðri deildirnar, yngri flokka og þá er afrekum íslenskra atvinnumanna gerð góð skil.

Bækurnar um íslenska knattspyrnu eru einstakar og mikill safngripur. Ólíkt flestum, verður þessi bókaflökkur skemmtilegri eftir því sem tíminn líður. Sérstaklega er gaman að skoða gamlar myndir af meisturum í yngri flokkum, og meistaraflokki karla og kvenna í gegnum tíðina. Á þeim myndum má finna þekkt andlit úr samtímanum á sínum yngri árum. Íslenk knattspyrna er skotheld jólagjöf handa knattspyrnuflokkum á öllum aldri og báðum kynjum.

Í BÍÓ

NÝ KVIKMYND FRÁ LEIKSTJÓRA "JERRY MAGUIRE" OG "ALMOST FAMOUS"
MEÐ STJÖRNUNUM ORLANDO BLOOM ("LORD OF THE RINGS") OG KIRSTEN DUNST ("SPIDER-MAN").

ORLANDO BLOOM

KIRSTEN DUNST



SOMETIMES THE ROAD AHEAD IS PAVED WITH ANYTHING BUT GOOD INTENTIONS.



PARAMOUNT PICTURES PRESENTS A CHRISTOPHER YOUNG FILM PRODUCED BY CAMERON CRUVE AND ORLANDO BLOOM, KIRSTEN DUNST, SPIGAN SHANNON, "ELIZABETHTOWN" ALICE BALDWIN, FRANK MULLER, JUDY GREER, JESSICA HILL, "99" BARRY WILSON, JAMES NANCY DENNEY, AND DAVID WHITE. WRITTEN BY CAM & CRUVE. DIRECTED BY JOHN TOLL. CASTING BY JONATHAN A. TEE, JR. COSTUME DESIGNER: TARA WAGNER. EXECUTIVE PRODUCERS: CAMERON CRUVE, JONATHAN A. TEE, JR. PRODUCED BY CAMERON CRUVE. © 2005 PICTURES BY CAMERON CRUVE.



FRUMSÝND Í DAG

Háskólabró

ÁLFABAKKA
SAMBÍÓN



POP JAKKI FRÁ GYLTA
KETTINUM, ÞESSUM
JAKKA ER HÆGT AÐ SNÚA
VIÐ 9.800 KR.
HÁLSMEN FRÁ NAKTA
APANUM 14.900 KR.



RÖNDÓTTUR BOLUR FRÁ TOPSHOP 1.990 KR. PRJÓNAVESTI
FRÁ TOPSHOP 4.990 KR. POP BUXUR FRÁ GYLTA KETTINUM 7.900 KR.
STÍGVÉL FRÁ SPÚTNIK 7.900 KR.



FJÓLUBLÁ MOHAIRPEYSA FRÁ
SPÚTNIK 8.800 KR. POP BUXUR
FRÁ GYLTA KETTINUM 7.900 KR.
BELTI FRÁ SPÚTNIK 3.500 KR.



SILKIÞRYKKT HETTUPEYSA
FRÁ NAKTA APANUM 15.900 KR.



ULLARKJÓLL
FRÁ OASIS
6.990 KR.
BELTI FRÁ
GYLLTA
KETTINUM
2.800 KR.
LEGGINGS
FRÁ GYLTA
KETTINUM
1.800 KR.



RÖNDÓTTUR KJÓLL FRÁ
GYLLTA KETTINUM 5.000 KR.
TÖLUHÁLSMEN FRÁ OASIS.
STUTTUR JAKKI FRÁ OASIS
10.990 KR. HVÍTIR SKÓR
FRÁ SPÚTNIK 3.500 KR.
BLÁR KJÓLL FRÁ GYLTA
KETTINUM 5.000 KR. BELTI
FRÁ GYLTA KETTINUM
2.800 KR. POP BUXUR FRÁ
GYLLTA KETTINUM 7.900 KR.
SVARTIR SKÓR FRÁ
EUROSKO 3.990 KR.



ANNA STÍNA OG ANNA STÍNA

LOÐHÚFA FRÁ SPÚTNIK 3.500 KR. KÁPA FRÁ TOPSHOP 11.990 KR. GUL TASKA FRÁ TOP SHOP 3.990 KR. HETTUPEYSA FRÁ NAKTA APANUM 15.900 KR. PELS FRÁ GYLLTA KETTINUM 15.800 KR. GRIFFLUR FRÁ ONI 1.200 KR.

SIRKUS RVK HEFUR GAMAN AF ÞVÍ AÐ FARA Í BÚÐIR. VIÐ GERÐUM OKKUR ÞESS VEGNA FERÐ Í SMÁRALINDINA, KRINGLUNA OG Á LAUGAVEGINN OG TÍNDUM TIL ÞAÐ SEM OKKUR LEIST BEST Á. ÞÆR BÚÐIR SEM URÐU FYRIR VALINU AÐ ÞESSU SINNI VORU GYLLTI KÖTTURINN, SPÚTNIK, ONI, TOPSHOP, OASIS, TRILOGIA OG NAKTI APINN. SVO FENGUM VIÐ ÞÆR ÖNNU STÍNU OG ÖNNU STÍNU TIL AÐ DRESSA SIG UPP OG ÞÓSA FYRIR OKKUR. ÞAÐ SKEMMTILEGA VIÐ ÞETTA ALLT SAMAN ER AÐ ANNA STÍNA ÞEKKTI ÖNNU STÍNU EKKI NEITT FYRIR ÞESSA MYNDATÖKU EN SAMT HEITA ÞÆR BÁÐAR ANNA STÍNA OG ERU ÞAR FYRIR UTAN BÁÐAR 182 SENTIMETRAR Á HÆÐ. MERKILEGT! VIÐ SKULUM SJÁ HVERNIG ÞÆR NÖFNUR TÓKU SIG ÚT.



LEOPARD PEYSA FRÁ TRILOGÍU 17.200 KR.



HÚFA FRÁ TRILOGÍU 3.700 KR.
KÁPA FRÁ COAST 28.900 KR.
ARMBAND FRÁ OASIS 1.590 KR.



ÞRÓNAPPEYSA FRÁ TOPSHOP 5.990 KR. ULLARLEGGINGS FRÁ TRILOGÍU 6.400 KR. SKÓR FRÁ SPÚTNIK 3.500 KR. HÁLSMEN FRÁ OASIS 1.790 KR. KJÓLL FRÁ GYLLTA KETTINUM 8.100 KR.

Partýið er byrjað!



Þú ert stjarnan!
Ekki missa þig!

30 ný lög.

Lagalisti

Alice Cooper
Belinda Carlisle
Billy Joel
Blondie
Culture Club
Dexy's Midnight Runners
Dolly Parton
Duran Duran
Erasure
Europe
Fairground Attraction
Foreigner
INXS
Kate Bush
Katrina And The Waves
Madness

Poison
Heaven Is A Place On Earth
Uptown Girl
Atomic
Karma Chameleon
Come On Eileen
Nine To Five
Rio
A Little Respect
The Final Countdown
Perfect
I Want To Know What Love Is
Never Tear Us Apart
Running Up That Hill
Walking On Sunshine
Our House

Wham!
Madonna
Nena
Run DMC
Simple Minds
Soft Cell
Starship
Survivor
Tears For Fears
The Cure
The Pretenders
Tina Turner
Vanilla Ice

Wake Me Up Before You Go Go
Material Girl
99 Red Balloons
It's Tricky
Don't You (Forget About Me)
Tainted Love
We Built This City
Eye Of The Tiger
Everybody Wants To Rule The World
Just Like Heaven
Brass In Pocket
Simply The Best
Ice Ice Baby

Kominn í
verslunir!



Safnaðu
Sing
Star!

45


ATRÍÐI SEM BENDA TIL ÞESS AÐ ÞÚ SÉRT HVÍTT HYSKI



2 SYSTIR ÞÍN ER DOTTIN ÚT ÚR BACHELOR.

1 ÞÚ ÁTT EIGINHANDARÁRITUN KALLA BJARNA.

3 ÞÚ VARST NÆSTUM ÞVÍ BÚINN AÐ KVEIKA Í BÍL EFTIR AÐ ÞÚ SÁST FRÉTTIRNAR FRÁ PARÍS.



4 ÞÉR FINNST HEIMIR KARLSSON GÁFAÐUR.



5 FYRIR ÞÉR ER PIZZA HUT AÐ FARA „FÍNT ÚT AÐ BORÐA“.



6 ÞÚ ERT HUNDRAD KÍLÓ PLÚS EN FERÐ SAMT ÚT AÐ REYKJA Á HANDKLÆÐINU.



7 ÞÚ ELÐAR ALDREI Á FÖSTU-DÖGUM – FERÐ BARA MEÐ FJÖLSKYLDUNA Í HAGKAUP OG FÆRÐ AÐ SMAKKA.



8 ÞÚ ERT MEÐ GLÓÐARAUGA EFTIR ÖMMU ÞÍNA.



9 ÆÐSTI DRAUMUR ÞINN ER AÐ EIGNAST PALLBÍL.



10 ÞÚ TÍMIR EKKI AÐ FARA MEÐ KRAKKANA Í HÚSDÝRAGARÐINN – FERÐ BARA MEÐ ÞÁ Í GÆLUDÝRABÚÐIR.



11 ÖLL BARNABÖRNIÐ ÞÍN KOMU Í FER-TUGSAFMÆLIÐ ÞITT.



12 EIRÍKUR JÓNSSON HEFUR BÚIÐ TIL GÆLUNAFN Á ÞIG.



13 ÞÚ HEFUR TEKIÐ ÞÁTT Í ÖLLUM FORKEPPNUM Í IDOL EN ALDREI KOMIST ÁFRAM.

14 „HVAR ER BADDI RUGL EIGINLEGA?“ ER SPURNING SEM ÞÚ SPYRÐ SJÁLFAÐ ÞIG OFT.



15 ÞÚ FÉKKST ÆDISKAST OG LAMDIR KONUNA ÞEGAR HÚN TÓK ÓVART YFIR SPÓLUNA SEM ÞÚ SAFNAR KALLAKAFFI Á.



16 ÞÚ HEFUR HRINGT Í ÁSGEIR KOLBEINSSON TIL AÐ SPYRJA HANN HVENÆR SCOOTER KOMI NÆST.



17 ÞÚ ÞÓTTIR OF SÓÐALEG(UR) FYRIR ALLT Í DRASLI.



18 ÞÚ ERT MEÐ ÓKLÁRAÐ TRÆBALTATÚ Á ÖXLINNI.



19 ÞEGAR ÞÚ HAFÐIR JAFNAÐ ÞIG Á NAUÐGUNINNÍ FÓRSTU AÐ SÝNA UNDIRFÖT.



20 ÞÚ ERT BÚINN AÐ TRYGGJA ÞÉR MIÐA Á TYPPATAL MEÐ AUÐDA BLÓ.



21 ÞÚ HEFUR REYNT AÐ BÚA TIL MILF-SÍÐU MEÐ MÖMMU ÞÍNNI.

22 ÞÉR FINNST PARIS HILTON MEST SEXÍ Í ÖLLUM HEIMINUM – HÚN MÆTTI SAMT VERA GRENNRI.



24 ÞÚ VARST Í ÞRIÐJA SÆTI Í KEPPNINNÍ UM NELLY'S-STÚLKUNA 2003.




25 ÞÉR FINNST SILVÍA NÓTT ÓGÆDSLEGA TÖFF.

26 ÞÚ SPILAR Á GÍTAR Á OMEGA.



27 GRÍNÐÁVALDURINN SAILESH ÞURFTI AÐ REKA ÞIG AF SVIÐINU.



28 ÞÚ ERT Í BANNI Á BARNALANDI.IS.



29 ÞÉR FINNST INGVI HRAFN EKKI VERA NÓGU HARÐUR.

30 ÞÚ HEFUR OFT VERIÐ Í SALNUM Í ÞÆTTINUM HJÁ HEMMA GUNN.



31 BRJÓSTIN Á ÞÉR ERU TIL SÝNIS Á NETINU.



32 ÞÚ LÝGUR AÐ ÞÚ SÉRT Í FAZMO-GENGINU TIL AÐ EIGA SÉNS Í ÞÍUR.

33 ÞÉR FINNST ORA VERA LÚXUS.

34 ÞÚ SVARAR ALLTAF ÞEGAR ÞÚ FÆRÐ TÖLVUPÓST UM AÐ ÞÚ HAFIR UNNIÐ MILLJÓNIR Í LOTTÓI.



36 EF ÞAÐ ER LENGUR EN 2 MÍNÚTUR AÐ HITNA Í ÖRBYLGJUOFNI NENNIR ÞÚ EKKI AÐ ELÐA ÞAÐ.



37 ÞÚ HEFUR SOFNAÐ Í STIGAGANGINUM HEIMA HJÁ ÞÉR.



35 EF KRAKKARNIR ÞÍNIR LÁNA ÞÉR SÍGAR-ETTU REYKIRÐU HIKLAUST YFIR ÞEIM.



38 ÞÚ BÝRÐ Í BREIÐHOLTI EN SAMT MÁ EIGINLEGA SEGJA AÐ TRAFFIC Í KEFLAVÍK SÉ ÞITT ANNAÐ HEIMILI.

39 ÞÚ SETTIR GÚSTAF NÍ-ELSSON Í EFSTA SÆTI Í PRÓFKJÖRI SJÁLFS-STÆDISFLOKKSINS OG VIN EINKABÍLSINS Í ANNAÐ SÆTI.

40 ÞÚ GISTIR Á RAUÐA KROSS-HÓTELINU Á BRÚDKAUPSNÓTTINA.

41 ÞÉR FINNST ÞÓRHALLUR MIÐILL ALGJÖR SNILLINGUR.



42 ÞÉR FANNST KRISTJÁN JÓHANNSSON FRÁBÆR Í KASTLJÓSINU Í FYRRA OG ÍHUGAÐIR ALVARLEGA AÐ KAUPA DISKINN HANS.



44 ÞÚ BJÓST EINU SINNI Í BÍLNUM ÞÍNUM.



45 ÞÚ HEFUR STOLIÐ KLÓSETT-PAPPÍRSRÚLLUM Á ALMENNINGSKLÓSETTI.





BRAIN POLICE
GEFA EKKERT EFTIR ÞEGAR ÞEIR STÍGA Á SVIÐ EINS OG SJÁ MÁ Á TÖKTUM JENNA



8 LIÐA ÚRSLIT HAFIN

Poppunkturinn hefur sjaldan eða aldrei verið betri en í ár enda um „best of“ seríu að ræða. Nú eru 16 liða úrslitin að baki og 8 liða úrslitin farin af stað. Fyrsti leikurinn í annarri umferð fór fram um síðustu helgi og þar sigruðu nýliðarnir í Jan Mayen hina margreyndu Rokksveit Rúnars Júlíussonar í æsispennandi þætti þar sem stigatalan var 31-33. Á sunnudag mætast svo í svörtum fötum og Ske. Þann 20. nóvember eru það svo Vínill og Milljónamæringarnir og loks Geirfuglarnir og Fræbbblarnir viku síðar. Spennandi...

HAIRDOKTOR FRUMSÝNIR MAJORLABEL



Frysta myndband hljómsveitarinnar Hairdoktor er komið í spilun og þeir sem nenna ekki að hanga yfir sjónvarpinu geta hægt að skoðað þetta allt saman á smekkleysa.is. lagið sem um ræðir heitir Majorlabel og er að finna á nýttkominni plötu Hairdoktor, Shampoo, sem kemur út á vegum Smekkleysu.

BRAIN POLICE

ROKKAR EVRÓPU EINS OG ENGINN SÉ MORGUNDAGURINN TIL BERLÍNAR

Hljómsveitin Brain Police er lögð af stað í langferð um Evrópu. Um miðja vikuna flugu strákarnir til Danmerkur en þaðan munu þeir fara yfir til Þýskalands og síðar Svíþjóðar. Brain Police ætlar svo að gera nýja plötu sem fyrst á næsta ári.

LUKKA HJÁ LJÓSHÆRÐUM FRÆNDUM

„Við verðum í Kaupmannahöfn í tvo daga áður en við förum áfram til Berlínar þar sem við spilum einhver fjögur eða fimm gigg,“ segir Búi Bendtsen gítarleikari Brain Police. „Þetta eru allt frekar stórir og skemmtilegir staðir sem við spilum á þannig að þetta ætti að verða nokkuð skemmtilegt. Þaðan förum við svo til Svíþjóðar og spilum þrisvar og endum þetta svo á einhverri risarokkhátíð sem þeir eru að halda,“ sagði Búi við Sirkus Rvk. skömmu fyrir brottför. Rokksenan í Svíþjóð er mjög stór og virt og þess vegna ætti Brain Police að geta vakið mikla lukku á meðal ljóshærðu frænda okkar, Svíanna.

Búi er nýjasti meðlimur hljómsveitarinnar en hann skiptar Brain Police ásamt Jónba trommara, Hödda bassaleikara og

Jenna söngvara. Bandið á nokkrar plötur að baki en stefnir á nýja útgáfu á nýju ári með nýjum gítarleikara.

ALLT HÆGT

„Við förum í stúdíó um daginn og tókum upp fjögur lög live, svona aðallega til að við gætum fengið að heyra hvernig þetta hljómar sjálfir. Það er ágætt að heyra það sem maður er að gera í æfingaplássinu í stúdíói og þetta kom bara vel út og við erum sáttir við hvernig þetta hljómaði þótt við ætlum ekki að nota þessar upptökur í neitt,“ segir Búi sem segir nýja efninu vissulega vera á efnisskránni þótt gömlu lögin fái líka að fljóta með.

„Það er einhver möguleiki á að síðasta plata verði gefin út í þessum löndum en annars erum við með hugann við nýja plötu. Við komum heim í lok nóvember og þá ætlum við að taka okkur frí frá spilamennsku í smá tíma og einbeita okkur að nýju efni. Við erum rúmlega hálfnaðir með lögin á næstu plötu og stefnum á að gefa hana út í byrjun næsta sumars,“ segir Búi. Að lokum vildi Sirkus vita hvort þetta



BÚI HLAKKAR TIL AÐ TAKA UPP NÝJA PLÖTU MEÐ BRAIN POLICE SEM VERÐUR HANS FYRSTA MEÐ BANDINU

ferðalag myndi ekki setja bandið á hausinn.

„Við erum ágætlega settir. Fáum flugið í gegnum Icelandair og svo er gott fólk á bak við okkur. Það er allt hægt í þessum bransa,“ segir Búi en blaðamaður greinir á tóninum í röddinni að þótt allt sé hægt sé margt ansi erfitt. Sirkus vonar að Brain Police nái að rokka Evrópu eins og enginn sé morgundagurinn.

SNILLINGAR SAMEINA KRAFTA SÍNA

MínusBarði er verkefni sem varð til í kringum kvikmyndina Strákarnir okkar eftir Róbert Douglas. Þeir Mínusliðar tóku að sér ásamt Barða Jóhannssyni úr Bang Gang að semja tónlistina fyrir myndina. Þeir rumpuðu þessu af á nokkrum dögum en útkoman er þrátt fyrir það bara í góðu lagi.

Barði Jóhannsson hefur fyrir löngu að sannað sig sem einn helsti tónlistarmaður landsins, og nú síðast upptökustjóri. Mínus hefur verið strærsta rokkhljómsveit landsins um árabil og þess vegna er mjög áhugavert að heyra hver útkoman af samstarfi þessara tveggja ólíku aðila er.

Platan er mjög fjölbreytt. Alveg frá gamla góða Mínusrokkinu sem einkenndi þá í kringum plöt-



MÍNUSBARDI

★★★★☆

sem hin ágætasti söngvari enda hefur hann verið duglegur að syngja á síðkastið og hefur m.a. gert dúetta með Brynhildi Guðjóns, Svölu Björgvins og Bó. Krummi fær líka að öskra á þessari plötu og það kann hann svo

urnar Jesus Christ Bobby og Hey Johnny yfir í meira rólegheitarrökk og meira að segja hreinræktað popp á köflum. Þá er þarna að finna ístrumental tónverk og lagið Even Happier Endings gæti jafnvel flokkast undir ástarlag. Ekki misskilja mig samt, þetta er rokkplata í gegn.

Gítarsamleikur Bjarna og Frosta er alltaf skemmtilegur og þessi plata er engin undantekning á því. Bjóssi er líka einhver skemmtilegasti trommari landsins og samspil hans og Þrastar gengur vel upp að þessu sinni. Svo er Krummi bara að sanna sig



sannarlega. Heilt yfir er þetta hin ágætasta plata. Mér finnst Mínus vissulega hafa gert betri plötu og það sama gildir um Barða en það þýðir samt ekki að MínusBarði sé léleg plata. Þvert á móti. Mínus sýnir þarna á sér nýja og skemmtilega hlið með dyggri aðstoð frá Barða og er þessi plata tilvalin fyrir Mínusaáðáendur sem hreinlega geta ekki beðið eftir næstu breiðskífu þeirra. Það fólk ætti að finna eitthvað á þessari plötu til að gera biðina bærilegri.

Ágúst Bogason

KVENNALANDSLIÐIÐ Í POPPI
ER ÓVENJU AFKASTAMIÐIÐ Í ÁR OG ÞVÍ BER AUÐVITAÐ AÐ FAGNA.



REYKJAVÍK! AÐ VINNA AÐ PLÖTU

Hljómsveitin Reykjavík! hefur smám saman verið að vekja á sér athygli síðustu misserin. Bandið fór í vel heppnaða ferð til Londin fyrr á árinu þar sem það lék á nokkrum tónleikum og síðan þá hefur það verið að gæla við upptökur á efni sínu í Gróðurhúsinu í Breiðholti. Lag þeirra, 7, 9, 13, er komið í spilun á rokkstöðvum bæjarins og núna er bara að vona að plata líti dagsins ljós fyrr en síðar.

KONURNAR TAKA KARLANA Í KAKÓIÐ

ÞEGAR KEMUR AÐ JÓLAPLÖTUFLÖÐINU

Fyrir þessi jól kemur urmull geislaplatna út eins og venjulega. Það er hins vegar athyglisvert að þessu sinni að konur virðast ætla að verða jafnokar karlanna, aldrei þessu vant. Þetta er einstaklega jákvæð þróun og fyrir þessi jól hafa konurnar vinninginn, sérstaklega þegar kemur að útgáfu sólóplatna.

INDÍ YFIR Í KARÓKÍ

Fjölbreytnin er mikil í ár. Við fáum ferska plötu frá Ingibjörgu Þorbergsdóttur sem hefur verið í bransanum í meira en 50 ár og er hún meira að segja gefin út af 12 tönnum þannig að í raun má segja að Ingibjörg sé orðin indí. Aðrar kvennaplötur sem koma út á vegum 12 tóna í ár eru ný plata frá Brynhildi Guðjónsdóttur og önnur frá Ragnheiði Gröndal.

Þær verða seint flokkaðar sem indí en öðru máli gegnir um konur eins og Jöru, sem er að vinna að sinni fyrstu plötu, og Kiru Kiru, sem var að senda frá sér plötu hjá Smekkleysu. Krúttíð hún Lára er svo loksins að fara að senda eitthvað frá sér og þá mun nýsjálenski Íslendingurinn Hera Hjartardóttir vera með í baráttunni þessi jólin rétt

eins og vinkona hennar Birgitta Haukdal sem er mætt með nýja plötu ásamt hljómsveit sinni Írafár. Þá er ótalinn sá fjöldi karókiplatna sem mun koma út fyrir jólin fyrir tilstuðlan Idol-keppinnar sem virðist aldrei hafa veid vinsælli.

LEIKSKÓLABÖRNIN GLEÐJAST

Af karókisöngvurum sem eru með í jóla-plötuflöðinu þetta árið má nefna Aðalheiði Ólafsdóttur og Ylfu Lind Gylfadóttur sem báðar gerðu það gott í karókikeppni allra landsmanna, Idol-stjörnuleit. Þá er ein skærasta poppstjarna Íslands hin síðari ár, Svala Björgvins, mætt til leiks á ný eftir að hafa haldið sig til hlés í dágóðan tíma. Miklar vonir eru bundnar við nýju pötuna hennar Svölu þar sem hún syngur m.a. dúett með Krumma bróður sínum.

Þá er Regína Ósk einnig að senda frá sér nýtt efni rétt eins og kynsystir hennar Jóhanna Vigdís Arnardóttir. Þá eigum við auðvitað eftir að minnast á blessaðan Nylon-flokkinn sem sat sveittur í allt sumar að vinna að nýju plötunni sinni sem er komin í verslanir, leikskólabörnum og fleirum til ómældrar gleði.



BIGGI GOES SÓLÓ

Útgáfufyrirtækið Resonant sem staðsett er í Bretlandi hefur sent frá sér plötuna Blindfold með listamanninum Blindfold sem er kannski betur þekktur sem Biggi í Ampop. Áður hefur fyrirtækið Resonant gefið út verk Stafræns Hákons og heldur það því tryggð við Íslendingana. Tónlist Bigga er erfitt að skilgreina en þetta er rólegheitamúsik í anda Tarwater, Piano Magic og Maximilian Hecker ef einhver kannast við þessi nöfn. Nánari upplýsingar má nálgast á www.ampop.co.uk.

EINS MANNS STÓRSVEIT

Benni Hemm Hemm er listamannsnafn Benedikts Hermanns Hermannssonar. Hann hefur verið að gera músík um margra ára skeið sem gítar og píanóleikari en hér er hann einfaldlega allt í öllu ásamt miklum fjölda vina sinna sem allir leggja hönd á plóg. Benni gefur verkið sjálfur út og má vera stoltur enda heppnast þetta vel hjá kappanum.

Platan inniheldur að mestu lög eftir Benna sjálfan sem eru flestöll mjög skemmtileg. Það er kannski erfitt að skilgreina músíkina sem eitthvað ákveðið enda er slíkt leiðinlegt. Það mætti samt segja að þarna sé á ferðinni kántrískotið popp og jafnvel indí. Mikill fjöldi hljóðfæra kemur fyrir á plötunni og setur það sinn svip á hana. Benni er oft og



BENNI HEMM HEMM

★★★★☆

tíðum rómantískur og fyndinn og stemningin á plötunni er nokkuð í ætt við það sem maður heyrir hjá Belle & Sebastian og jafnvel Violent Femmes þótt músíkin sé alls ekki sú sama.

Platan hljómar öll mjög vel og lítur þar fyrir utan mjög vel út. Þarna höfum við sem sagt plötu þar sem bæði útlit og innihald er til fyrirmyndar. Útsetningar Benna á lögnum eru flestar skemmtilegar og tekur hann t.d. tókulagið Til eru fræ og gerir það á einkar skemmtilegan hátt. Þá er gaman að heyra hversu góður söngvari Benni er en undirrit-

aður hefur ekki heyrt hann

syngja mikið fram að þessu. Hann er hins vegar að sanna sig ágætlega á þeim vígstöðvunum en Benni Hemm Hemm býr yfir þessari sémilega

djúpu rödd sem hann virðist bara hafa ágætasta vald á.

Benni Hemm Hemm er skemmtileg plata með skemmtilegum listamanni/hljómsveit. Það jafnast þó ekkert á við að sjá svona lagað á sviði og mælir gagnrýnandi eindregið með því að fólk grípi tækifærið og sjái Benna Hemm Hemm og félagi næst þegar þeir stíga á stökk.

Ágúst Bogason



MEST SELDU LEIKIRNIR



ÞESSI STAR WARS LEIKUR ER AÐ GERA ALLT VITLAUST OG ER HVARVETNA Í EFSTU SÆTUNUM ÞEGAR KEMUR AÐ METSÖLU.



1. SSX ON TOUR
2. FIFA 06
3. BURNOUT LEGENDS
4. TWISTED METAL : HEAD ON
5. MEDIEVIL RESURRECTION
6. MIDNIGHT CLUB 3 DUB EDITION
7. MARVEL NEMESIS: RISE OF THE IMP...
8. NBA LIVE 06
9. UNTOLD LEGENDS : BROTHERHOOD
10. DYNASTY WARRIORS



1. CIVILIZATION 4
2. CALL OF DUTY 2
3. STAR WARS BATTLEFRONT 2
4. FOOTBALL MANAGER 2006
5. FEAR
6. SIMS 2 NIGHTLIFE
7. WORLD OF WARCRAFT
8. COUNTER-STRIKE SOURCE
9. COUNTER-STRIKE 1 ANTHOLOGY
10. THE SIMS 2



1. STAR WARS BATTLEFRONT 2
2. FIFA 06
3. BURNOUT REVENGE
4. PRO EVOLUTION SOCCER 5
5. SSX ON TOUR
6. MORTAL KOMBAT SHAOLIN MONKS
7. GTA SAN ANDREAS
8. SPARTAN TOTAL WAR
9. NBA LIVE 06
10. HALO 2



1. STAR WARS BATTLEFRONT 2
2. BUZZ
3. TONY HAWK AMERICAN WASTELAND
4. FIFA 06
5. WARRIORS
6. PRO EVOLUTION SOCCER 5
7. SINGSTAR POP BUNDLE
8. SIMS 2
9. RESIDENT EVIL 4
10. JAK X

LÚÐI VERÐUR ROKKSTJARNNA

OG ÞAÐ GERIST ALLT UPPI Á FJALLI Í PSP-TÖLVU

Nýjasti og heitasti leikurinn á PSP er án vafa nýji SSX-leikurinn en þetta er sá fjórði í seríunni. Þetta er vinsælasti snjóbretta-leikur sem komið hefur á markaðinn og fólk þarf ekkert endilega að hafa gaman af snjóþróttum til að geta notið þess að spila þennan leik. Hann er bæði fallegur og mátulega skemmtilegur.

LÚÐI VERÐUR ROKKSTJARNNA

SSX leikirnir hafa, rétt eins og Tony Hawk-leikjaserían, náð gríðarlegum vinsældum sem ná langt út fyrir þann hóp fólks sem hefur áhuga á brettaþróttum. Í þessari útgáfu leiksins, SSX On Tour sem er fyrsti útgáfan sem kemur út fyrir PSP, hefur auk þess talsverðu verið bætt við frá fyrri tíð. Bæði eru mun fleiri brautir til að takast á við auk þess sem hægt er að fara á skíði í SSX On Tour en hann hefur alfarið verið snjóbrettaleikur fram að þessu eins og áður kom fram.

Leikurinn spilast þannig að maður byrjar sem einhver lúði sem ekkert kann og þarf að sanna sig. Þetta er ekki ósvipað form og

er á áður nefndum Tony Hawk-leikjum og fjölmörgum öðrum þar sem menn byrja á grunni og þurfa að vinna sig á toppinn. Í SSX On Tour er þetta í einhverjum rokkstjörnu stíl þar sem glamúr og gellur virðast vera málið. Maður nær svo að klára leikinn með því að verða konungur fjallsins og aðal maðurinn á svæðinu.

ÞOKKALEGASTA SKEMMTUN

Leikurinn er mátulega erfiður viðureignar. Til að ná góðum árangri þarf að tileinka sér ákveðna tækni og spila leikinn í smá tíma. Leikurinn er þrátt fyrir það líka hentugur til að rífa upp með félögum og spila þótt enginn hafi prófað hann áður. Leikurinn lítur ágætlega vel út og fær mann aftur til að hugsa hvað þetta PSP-dæmi er í raun og veru magnað. Leikurinn er flottari í Playstation 2 en munurinn er samt ekki það mikill. Svo eru miklu fleiri borð í þessari útgáfu leiksins en þeim fyrri sem verður að teljast mjög jákvætt. Þessi leikur bætir þess vegna talsverðu við fyrri útgáfur og er bara þokkalegasta skemmtun.



SSX ON TOUR ER FYRSTI LEIKURINN Í SSX SERÍUNNI SEM KEMUR ÚT Á PSP.

BESTA MYND 21. ALDAR

KVIKMYNDIR

Bandaríkin eru orðin ómanneskjulegt þjóðfélag sölumanna og svikahrappa. Herinn er fastur í stríði sem hann getur ekki unnið og enginn endir í nánd. Menn sem að hafna alfarið neyslumenningu Vesturlanda reyna að ræna flugvélum og fljúga þeim á stjórnarbyggingar. Hljómar kunnulega? Árið er 1973, og Bandaríkin eru í fyrsta sinn að efast um sjálfa sig. Olíukreppan hefur bundið enda á gengdarlausan uppgang eftirstríðsárana, stríðið í Víetnam er tapað en ekki búið, forsetinn mun brátt vera afhjúpaður sem lygari. Enn er hægt að fara í hvora áttina sem er, að breyta hlutunum til hins betra eða loka augunum fyrir vandamálunum.

Tæpum áratug seinna er Reagan kominn til valda, og Bandaríkin halda inn á braut sem þau hafa enn ekki snúið af.

HARÐUR HEIMUR HÚSGAGNASÖLUMANNA

En hvað er til ráða þegar ekki er hægt að vera bæði góður maður og góður Bandaríkja- maður? Sean Penn sem Sam Bicke er, rétt eins og Pacino í Serpico, eini heiðarlegi maðurinn í rotnum heimi. Hann er að vinna sem sölumaður í húsgagnaverslun, og er neyddur til að ljúga að kunnunum. Þegar hann reynir að ræða um siðferðisvandamál sem þessu fylgir við vini sína mætir hann daufum eyrum, vinna er bara vinna. Og jafnvel and-

ófshópar eins og Svörtu pardusarnir eru of uppteknir af að sjá heiminn í svörtu og hvítu til að koma nein til leiðar. Því meira sem hann lýgur, því meira er honum klappað á bakið, og honum er sagt að forseti Bandaríkjanna sé mesti sölumaðurinn, og þar með mesti lygarinn, af þeim öllum. Að lokum fær hann nóg, og reynir að sýna fram á að einstaklingurinn hafi enn einhver völd, með þeim einu ráðum sem eru tiltæk í samfélagi þar sem lýðræðið hefur nánast verið afnumið og byssa er til á hverju heimili.

BICKE BETRI EN BICKLE?

Mjög auðvelt hefði verið að fordæma Bicke,

ÞEKKTUSTU TVÍBURABRÆÐUR ÍSLANDS LOKSINS KOMNIR Á DVD

JÓN ODDUR OG JÓN BJARNI LIFNA VIÐ EFTIR 24 ÁRA DVALA

Loksins hafði einhver vit á því að taka Jón Odd og Jón Bjarna-kvikmyndina og koma henni á DVD. Sirkus fagnar því alveg hreint ótrúlega enda er þetta mynd sem er löngu orðin klassísk, alla vega hérna heima. Söguna þekja allir, tvíburarnir uppátækjasömu koma sér og sínum í vandræði milli þess sem þeir leysa lífsgátuna.

JÓI SPÓI SPÝTURASS

Sögur Guðrúnar Helgadóttur af tvíburunum Jóni Oddi og Jóni Bjarna nutu gríðarlegra vinsælda þegar þær komu út fyrir tæpum þremur áratugum síðan. Kvikmyndin var svo gerð af Práni Bertelssyni og kom hún á markað árið 1981 og varð strax klassik.

Myndin hefst, eins og margir muna, uppi í Vatnaskógi þar sem bræðurnir strjúka úr sumarþúðum ásamt félögum sínum. Þeir koma sér á endanum í bæinn en einnig í talsverð vandræði. Síðan tekur hvert ævintýrið við af öðru. Bræðurnir þurfa að vera góðir við litlu systur sína, hana Möggu, og svo er Anna Jóna hálf-

TVÍBURABRÆÐURNIR JÓN ODDUR OG JÓN BJARNI ERU EINS OG ALLIR VITA HUGARFÓSTUR FYRRVERANDI FORSETA ALÞINGIS, GUÐRÚNAR HELGADÓTTUR.



systir þeirra illa haldin af unglingsveikinni.

Jói spói spýturass býr svo á neðri hæðinni og mamma hans er ekkert lamb að leika sér við. Amma Dreki, Soffía ráðskona og foreldrar strákanna koma mikið við sögu og þá er ótalinn afi þeirra sem Gísli Halldórsson túlkar á ógleymanlegan hátt. Strákarnir þurfa líka að glíma við leiðindamál eins og þegar Selma, lítil þroskaheft systir Lárusar besta vinar þeirra, verður fyrir aðkasti þörupilta fyrir utan það þegar hún verður síðan veik og deyr.

SLÖK GÆÐI KOMA LÍTIÐ AÐ SÖK

Þótt það skiptist á skin og skúrir í þessari mynd er þetta auðvitað hin besta skemmtun. Myndin hefur

elst betur en margur hefði þorað að vona og boðskapurinn á alveg jafn mikið erindi við börn í dag og fyrir 25 árum síðan. Það sem helst er hægt að kvarta yfir á þessari DVD-útgáfu Jóns Odds og Jóns Bjarna eru gæðin.

En það er svo sem ekkert nýtt þegar kemur að svona endurútgáfum. Mynd- og hljóðtruflanir eru á myndinni og má rekja það til aldursins. Annars er ekkert mál að horfa fram hjá því og maður gleymir sér fljótlega yfir glápinu. Svo er líka sérlega gaman að sjá leikarana sem koma við sögu því suma hefur maður hreinlega ekkert séð síðan myndin kom út, aðrir eru týndir og tröllum gefnir á meðan sumir eru einfaldlega látnir. Þannig að sannlega má segja að þessi mynd færi mann mörg ár aftur í tímann og það sem meira er, það er skemmtilegt ferðalag. Þrátt fyrir léleg myndgæði er Jón Oddur og Jón Bjarni hin besta skemmtun og það var auðvitað löngu kominn tími á þessa útgáfu sem mun eflaust gleðja marga og vera í ófáum jólapökkunum þetta árið.



INNAN HINS DJÚPA HÁLSS

Árið 1972 kom út klámmynd sem átti eftir að valda miklum usla í Bandaríkjunum. Sú mynd hét Deep Throat og skartaði falgri snót að nafni Linda Lovelace í aðalhlutverki. Linda lék tottsjúka konu sem var með snípinn á réttum þ.e.a.s. ÝÍ hálslinum. Heimildarmyndin Inside Deep Throat Ý fjallar um eftirköst myndarinnar og hneysklið sem að hún olli. Hún er nú komin á videoleigur bæjarins. Tekin eru viðtöl við leikendur úr myndinni og reynt er að sýna hversu lítið samfélagið hefur breyst á þeim 33 árum síðan myndin kom út þegar það kemur að ritskoðun. Það sem blaðamanni fannst skemmtilegast var að komast að því hversu sannfærðir klámmyndaleikarar voru á því að Hollywood og klámmyndir renna saman sem eitt. Ýsvo kom videóspólan og eyðilagði allt. Enn fyrir utan það er myndin mjög athyglisverð og á köflum frekar myndin. Svo skemmir ekki fyrir að hið fræga deep throat atriði er sýnt í myndinni en það er náttúrliga alls ekki fyrir viðkvæma.



en maður heldur með honum allan tímann, þeas. alveg þangað til hann reynir að ræna flugvélinni. Sean Penn hefur líklega aldrei verið betri, það er næstum því sársaukafullt að horfa á Bicke í hans meðförum. Byggingin er hæg og stígandi, og sjaldan hefur hléið komist jafn nálægt því að eyðileggja kvikmynd eins og hér. Allt er tekið í dimmum litum rétt eins og bestu



kvikmyndir sem Bandaríkjamenn hafa gert, Taxi Driver og Serpico. Og á einhvern hátt er hún betri en þær. Á 8. áratugnum var verið að vara við því hvert þjóðfélagið stemmdi. Nú þar sem þangað er komið nær þessi sögulega og afar hugrakka bíómynd að setja allt í samhengi. Allir helstu þræðir 21. aldar mætast hér, og tekst myndinni því að gera það sem fyrsta flokks lista-



THE ASSASSINATION OF RICHARD NIXON
LEIKSTJÓRI: NIELS MUELLER

★★★★★

verk á að gera, að útskýra þá tíma sem við lifum á með dæmisögu um venjulegan mann. Assassination of Nixon er því besta mynd aldarinnar. Og líklega betri en nokkur á þeirri síðustu.

Valur Gunnarsson



EKKI BARA VETRARGARÐUR Í SMÁRALINDINNI

Verzlunin Coast opnaði í Smáralindinni fyrir viku síðan með pomp og prakt. Eigendur verslunarinnar eru þeir sömu og standa á bak við Oasis og var opnuninni í síðustu viku fagnað með mikilli tískusýningu í Smáralindinni þar sem Ford-fyrirsæturnar sem keppast um Ford-fyrirsætu titilinn að þessu sinni sýndu hvað verslunin hefur upp á að bjóða.

Plötusnúðar léku fyrir gesti á meðan fyrir-sæturnar spókuðu sig á sýningargólfinu fyrir framan tæplega 500 manns sem saman voru komnir í Smáralindinni til að berja augum það sem fram fór.



Sádama Reykjavík



QUENTIN VERÐUR KÚL Á KLAKANUM

EINHVER SVALASTI LEIKSTJÓRI SAMTÍMANS Á LEIÐ TIL LANDSINS

Íslenskir kvikmyndaáhugamenn geta fyllt gleði sína núna um helgina þar sem enginn annar enn Quentin Tarantino mun koma. Á klakann ásamt Eli Roth að kynna nýjustu myndina hans síðarnefnda, Hostel. Quentin og Eli koma til landsins á vegum skipuleggjanda Októberfilmfest, kvikmyndahátíð sem er í gangi núna í Regnboganum og Háskólabíói.

Hostel verður lokamynd hátíðarinnar og verður á laugardaginn spes galasýning í Smárabíói þar sem Roth og Tarantino munu svara spurningum áhorfenda í lok myndarinnar.

Tarantino er einn af framleiðendum myndarinnar.

Uppselt er á galasýngunna en það mun vera önnur sýning í Regnboganum á sunnudaginn klukkan átta.

Hostel er hrollvekja og ýngan veginn fyrir viðkvæma. Myndin

fjallar um þrjá bakpokaferðalanga sem eru að ferðast um Evrópu og lenda í smábæ í Slóvakíu.

Þeir tjekka sig inn á farfuglaheimilið og þar byrjar helvíti á jörðu fyrir vinina þrjá. Pyntingar, limlestingar og fleira huggulegt.

Eitt annað skemmtilegt við myndina er að ungur upprennandi íslenskur leikari að nafni Eypór Guðjónsson leikur einn af bakpokagaurunum, íslendinginn Óla. Sirkus hlakkar til að sjá meira af honum í framtíðinni og mun hann einnig sýna sig og sjá aðra á galafrumsýningunni á laugardaginn.

Tarantino mun koma til landsins núna á föstudaginn og fara aftur af landi brott á miðvikudeginum. Hann verður væntanlega eitt-hvað á djammínu um helgina og hver veit nema hann kíkji í Bláa Lónið. Já, það er ungt og það leikur sér.

Sódóma Reykjavík

SÓDÓMA REYKJAVÍKUR ER PRÓGRAMM SIRKUSS RVK. FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINN TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDIÐ OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@3654.OS

LEIKHÚS

FÖSTUDAGUR 11. NÓVEMBER



HALLDÓR Í HOLLYWOOD Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU

Halldór Laxness er hér ungur og metnaðarfullur og ekki er enn ljóst hvort að hæfileikarnir fylgi metnaðinum. Skemmtileg söng- og dansræva og sagan er góð. En mætti vel við meiri sósíalrealisma að hætti skáldsins.

FRELSI Á SMÍÐAVERKSTÆÐINUI

Fín frumraun hjá bæði leikskáldi og efnilegum ungum leikurum, en vantar þó herslumuninn til að Alcoa þurfi að fara að vara sig.

LOFTKASTALINN BÍLTAR

Tónleikurinn Bítl með þeim Sjonna og Jóa og honum þarna hinum verður settur upp í Loftkastalanum. Bítla- vinir snúa aftur til fortíðar.

ÍSLENSKA ÓPERAN

Kabarett, þið munir þetta með Lizu Minneli, verður sett upp í kvöld. - Meðan Zweig teflir gegn Hitler í Borgarleikhúsinu er hér dansað og sungið gegn honum.

LÍFSINS TRÉ Í BORGARLEIKHÚSINU

Nýja Ísland mun rísa á ný þegar Lífins tré verður sett á svið Borgarleikhússins í kvöld.

LAUGARDAGUR 12. NÓVEMBER

HALLDÓR Í HOLLYWOOD Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU

Halldór Laxness er hér ungur og metnaðarfullur og ekki er enn ljóst hvort að hæfileikarnir fylgi metnaðinum. Skemmtileg söng- og dansræva og sagan er góð. En mætti vel við meiri sósíalrealisma að hætti skáldsins.

BROADWAY

Bó Hall með nýjan söngleik sem heitir einfaldlega Nína og Geiri og er hann nýkominn til sýninga á Broadway.

FRELSI Á SMÍÐAVERKSTÆÐINUI

Fín frumraun hjá bæði leikskáldi og efnilegum ungum leikurum, en vantar þó herslumuninn til að Alcoa þurfi að fara að vara sig.

BRIMIÐ HANS JÓNS ATLA

Jón Atli ber titilinn efnilegasta leikskáld þjóðarinnar með stæl og Vesturport er efnilegasti leikhópurinn. Saman er þetta bara farið að verða nokkuð gott hjá þeim. Borgarleikhúsið sýnir þetta verk.



BORGARLEIKHÚSIÐ SÝNIR SALKVA VALKA

Eins og við komumst að í Halldóri og Hollywood er Salkva Valka verkið sem fleytti Laxness frá því að vera efnilegasti rithöfundur þjóðarinnar og upp í að vera sá besti.

MANNTAFL

Góði dátinn Stefan Zweig er einn af meisturum 20. aldar, og teflir hér gegn nasismanum. Manntafl er í Borgarleikhúsinu.

SUNNUDAGUR 13. NÓVEMBER

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU

200 ára afmælisýning til heiðurs H.C. Andersen. Það er ljóst að Danir voru mikil menningarþjóð á 19. öld og kannski bara tómt vitleysa að hafa mótmælt þeim.

BRYNHILDUR ER EDITH PIAF

Edith lifnar við og lifir enn í Þjóðleikhúsinu og virðist ódrepanði. Brynhildur er hreinlega að verða Edith svo tilkomumikil er sýningin.



BRIMIÐ HANS JÓNS ATLA

Jón Atli ber titilinn efnilegasta leikskáld þjóðarinnar með stæl og Vesturport er efnilegasti leikhópurinn. Saman er þetta bara farið að verða nokkuð gott hjá þeim. Borgarleikhúsið sýnir þetta verk.

ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN SÝNIR ÞRÚ VERK

Þrjú verk, Wonderland eftir Jóhann Frey Björgvinsson og Filippíu Elísdóttur (hefur víst lítið með John Holmes að gera), Critic's choice? eftir Peter Anderson og Pocket Ocean eftir Rui Horta.

ALVEG BRILLIANT SKILNAÐUR

Edda Björgvins í öllum hlutverkum og alltaf uppselt. Edda kann sitt fag og fyllir Borgarleikhúsið

MIDVIKUDAGUR 16. NÓVEMBER

FRELSI Á SMÍÐAVERKSTÆÐINUI

Fín frumraun hjá bæði leikskáldi og efnilegum ungum leikurum, en vantar þó herslumuninn til að Alcoa þurfi að fara að vara sig.

FIMMTUDAGUR 17. NÓVEMBER

HALLDÓR Í HOLLYWOOD Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU

Halldór Laxness er hér ungur og metnaðarfullur og ekki er enn ljóst hvort að hæfileikarnir fylgi metnaðinum. Skemmtileg söng- og dansræva og sagan er góð. En mætti vel við meiri sósíalrealisma að hætti skáldsins.

FRELSI Á SMÍÐAVERKSTÆÐINUI

Fín frumraun hjá bæði leikskáldi og efnilegum ungum leikurum, en vantar þó herslumuninn til að Alcoa þurfi að fara að vara sig.

ÞESSI FRÁBÆRU TILBOÐ ENDURGREIÐA
ÞÉR SIRKUS RVK OG GOTT BETUR!

SIRKUSMIÐINN

FULLKOMIN HELGI Í REYKJAVÍK

megasól
S.571 7171

2 FYRIR 1

ALLA DAGA VIKUNNAR

gegn framvísun þessa miða

2 fyrir 1 á hljómsveitabolum*

DOGMA
LAUGAVENI 30 | GLENTURTURSI
SÍMI 342-4400 | SÍMI 442-1434

* gegn framvísun þessa miða / gildir út nóvember 2005



WANTED



WANTED

allt í mexíkóska matargerð

SÓDÓMA REYKJAVÍK

SÓDÓMA REYKJAVÍKUR ER PRÓGRAMM SIRKUSS RVK. FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINN TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDIÐ OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS

SKEMMTISTAÐIR

FÖSTUDAGUR 11. NÓVEMBER

SIRKUS

Dömur mínar og herrar. Haldið ykkur fast, því það er enginn annar en Dj Andri sem ætlar að leika fyrir gesti skemmtistaðarins Sirkus í kvöld.

SÓLON

Það er vinur okkar allra, útvarpsmaðurinn góðkunnir af FM 957, Brynjar Már sem sér til þess að sæta fólkið á Sól-on geti nú hreyft á sér mjaðmirnar.

KAFFIBARINN

Það er Dj Carl Lavia sem leikur gæðatóna fyrir spekulantana sem sækja Kaffibarinn heim um helgar.

PRIKIÐ

Það er hann Teddi, sem er stundum meira að segja kallaður Dj Teddi, sem treður upp með plötuspilarana sína í kvöld á Prikinu.



THORVALDSENS

Það er Daddi diskó sem verður í búrinu á Thorvaldsens í kvöld og honum til trausts og halds verður besti vinur hans Hlynur Mastermix. Ekki slæmt það.

CAFE VICTOR

Hljómsveitin Hollí kemur saman í kvöld á skemmtistaðnum Cafe Victor í tilefni af lokum fyrri heimsstyrjaldarinnar.

HRESSÓ

Trúbadorarnir Halli og Fáfir sjá um rólegheitin í upphafi kvölds áður en að Dj Maggi tekur við og sér um geðveikina sem á það til að skapast á Hressó.

GAUKUR Á STÖNG

Tónleikar með rokkveitinni Noise ásamt félögum sínum í Steam. Á efri hæðinni verður Dj Maggi í góðum fýling. Gaukurinn, alltaf klassískur.

HVERFISBARINN

Það eru ekki bara Fazmo-liðar og hnakkamellur sem sækja Hverfisbarinn heim um helgar. Kiddi Bigfoot fer líka þangað og í kvöld ætlar hann meira að segja að sjá um músíkina.



GRAND ROKK

Það er eru Úlpu-strákarnir í hljómsveitinni Úlpa sem sjá um stuðið á Grand Rokk í kvöld. Þeir voru að senda frá sér nýja plötu sem ætti að detta inn á næstu dögum.

LAUGARDAGUR 12. NÓVEMBER

GAUKURINN

DJ Robin Monies sér um dúndrandi dansstemmingu á neðri hæðinni á meðan að Dj Frigor verður með fánaleg fíflalæti á efri hæð Gauksins í kvöld.

HVERFISBARINN

Það eru ekki bara Fazmo-liðar og hnakkamellur sem sækja Hverfisbarinn heim um helgar. Kiddi Bigfoot fer líka þangað og í kvöld ætlar hann meira að segja að sjá um músíkina.



NASA

Blúsarann David Honeyboy Edwards treður upp á NASA í kvöld og það kostar 2000 kall inn. Þetta er kappi sem hefur spilað með mönnum eins og B.B. King, Sam Carr og Willie Foster. Mike Pollock hitar upp ásamt Gumma P. Svo er í svörtum fötum með ball um kvöldið. Fyndið en satt.

SÓLON

Það er vinur okkar allra, útvarpsmaðurinn góðkunnir af FM 957, Brynjar Már sem sér til þess að sæta fólkið á Sól-on geti nú hreyft á sér mjaðmirnar.

PRIKIÐ

Það eru stöllumarnir Erna og Ellen sem sjá til þess að músíkin hætti aldrei að hljóma úr hátölurum Prikisins í kvöld.

THORVALDSENS

Það er Daddi diskó sem verður í búrinu á Thorvaldsens í kvöld og honum til trausts og halds verður besti vinur hans Hlynur Mastermix. Ekki slæmt það.

PÓSTBARINN

Það verður létt Djass-stemming á Póstharnum við Austurvöll í kvöld frá kl. 20 og eitthvað frameftir.

MIDVIKUDAGUR 16. NÓVEMBER

GAUKUR Á STÖNG

Hljómsveitin Dikta treður upp á skemmtistaðnum Gauki á Stöng í kvöld og þá verður nú gaman.

SIRKUS

Það er sérstakt kvöld á Sirkus í kvöld. Nefninlega Sheptone Redcords kvöld og mun músíkin alla vega hljóma og ölið flæða. Þarf eitthvað meira til?

FIMMTUDAGUR 17. NÓVEMBER

GAUKUR Á STÖNG

Það eru hinir myndarlegu þokkarpiltar í hljómsveitinni Lights on the Highway sem trylla Gaukinn í kvöld.

GLAUMBAR

Það er Corona-kvöld á Glaumbarnum í kvöld. Trúbadorar sjá um að koma fólki til eins og venja er.

HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA UM HELGINA?

KYNNA ÚLENDINGUM FYRIR REYKJAVÍK

„Hún Sólveig besta vinkona mín er að koma á föstudagsmorgun frá Boston með tveimur erlendum vinum hennar, „segir Dagbjört Ylfa Geirsdóttir starfsmaður í fataverslunni Spútnik. „Planið er að elda eitthvað gott saman og gera henni og erlendum vinum hennar gott kvöld í Reykjavík á föstudagskvöldið. Ætli laugardagurinn fari ekki í búðarráp og kaffihús. Ég leyfi síðan Sólveigu að ráða hvað við munum gera á laugardagskvöldið. Sunnudagurinn fer síðan í það að sofa bara út og leigja kannski spólu eða fara í bíó seinna um kvöldið.“

Dagbjört Ylfa Geirsdóttir starfsmaður í fataverslunni Spútnik



HEIMASÍÐUGERÐ OG TÓNLEIKAR

„Á fimmtudagskvöldið verð ég að spila á tónleikum fyrir Menntaskólann á Akureyri og flýg síðan aftur á föstudeginum til Reykjavíkur,“ segir Toggi öðru nafni Frank Murder myndlistar- og tónlistarmaður.

„Á laugardegnum mun ég síðan vinna í heimasíðunni minni www.frankmurder.com og í nýju íbúðinni minni sem að ég og kærastan mín erum að flytja í. Þetta verður afar róleg helgi held ég bara.“

Frank Murder myndlistar- og tónlistarmaður.



SPILA Á PRIKINU OG DANSBIKARKEPPNI

„Á föstudaginn ætla ég að hafa kósý kvöld heima og klára verkefni fyrir skólann,“ segir Erna Bergmann diskótækari sem spilar á skemmtistöðum Reykjavíkurborgar ásamt Ellen vinkonu sinni.

„Á laugardegnum verð ég að vinna í Spútnik og svo þarf ég að vinna í dansbikarkeppni hjá Jazzballetskóla Báru. Eftir það ætla ég og Ellen að slá eitt heljarinar dansball á Prikinu.“

Erna Bergmann diskótækari

SÝNINGAR

BRYNDÍS Í GRÓFARHÚSI

Á 1. hæð Grófarhúss við Tryggvagötu 15 er myndlistarkonan Bryndís Brynjarsdóttir með sýningu. Sýningin er opin mánudaga kl. 10-21, þriðjudaga-fimmtudaga kl. 10-19, föstudaga kl. 11-19 og um helgar kl. 13-17.

GUÐRÚN VERA Í HAFNARHÚSINU

Einkasýning Guðrúnar Veru Hjartardóttur er í gangi í C- og D-sal Hafnarhússins. Á sýningunni í Hafnarhúsinu sýnir Guðrún Vera ný verk sem endurspeglar nýja sýn í sköpun listakonunnar.

ERRÓ FRÁ BARNALDRI

Í E- og F-sal Hafnarhússins er sýning þar sem sjá má verk Errós frá því hann var barn allt þar til hann hélt sína fyrstu einkasýningu á Íslandi í Listamannaskálanum árið 1957. Einnig má sjá myndir frá námsárum hans í Ósló, Flórens og Ravenna. Verkin eru öll úr Errósafni Listasafns Íslands.



COBRA-LIST Í LISTASAFNI SIGURJÓNS

Dönsku COBRA-listamennirnir Else Alfelt og Carl Henning Pedersen sýna vatnslitamyndir sem þau hjónin gerðu er þau dvöldu hér á landi sumarið 1948. Á sýningunni eru einnig sýnd verk Svavars Guðnasonar og Sigurjóns Ólafssonar frá sama tíma.

ÞORBJÖRG ÞORVALDS HJÁ ASÍ

Þorbjörg Þorvaldsdóttir sýnir verk sín í Ásmundarsal Listasafns ASÍ til 6. nóvember.

GRYFJA

Karen Ósk Sigurðardóttir sýnir málverk sín í Gryfjunni í Listasafni ASÍ.

ÞÓRDÍS OG EINAR Í GERÐUBERGI

Þau Þórdís Zoëga og Einar Árnason sýna nú verk sín í Gerðubergi. Sýning Þórdísar verður til 13. nóvember og Einar Árnason verður með sína sýningu til 6. nóvember.



SJÖTTA GRASRÓTIN

Grasrót sýnir nú í Nýlistasafninu við Laugaveg í sjötta sinn. Sýningin verður opin til 6. nóvember.

HJÖRTUR HJARTAR Í ÞJÓÐMENNINGARHÚSINU

Hjörtur Hjartarson sýnir verk sín í veitingastofu Þjóðmenningarhússins. Á sýningunni eru málverk frá liðnu sumri og sótti Hjörtur innblásturinn að verkunum í ferðalög sín um Suðurland í sumar.

LARS Í LJÓSMYNDASAFNI REYKJAVÍKUR

Lars Tunbjörk verður með sýningu á verkum sínum í Ljósmyndasafni Reykjavíkur til 20. nóvember.

ÓLAFUR ELÍASSON OG STEFÁN JÓNSSON Í SAFNI

Ólafur Elíasson verður með sýninguna „Limbo lamp for Pétur“ fram í nóvember í Safni á Laugarvegi.

GUÐFINNA EUGENÍA Í HRAFNI

Guðfinna Eugenia Magnúsdóttir sýnir málverk í Menningarsalnum, 1. hæð, til 6. des. í Hrafnistu, Hafnarfirði.

FIMMTÍU PRÓSENT MARÍNÓ OG FIMMTÍU PRÓSENT BRYNDÍS

Einar Marínó Magnússon og Bryndís Jónsdóttir í Gallerí 100

TEHÚS OG JAKKAFÖT

Skúlpturnir Tehúsi og teikningar til 17. nóvember í Gallerí Sævars Karls.

KÓNGAR OG ESKIFIRÐINGAR

Konungsheimsóknin 1907 og Mannlíf á Eskifirði 1941-1961. Ljósmyndasýningar í Þjóðminjasafninu til 27. nóvember.

ÞÓR Í 18

Þór Vígfusson sýnir til 23. desember í Gallerí 18.



MÁLARI ÍSLANDS Í LISTASAFNI REYKJAVÍKUR

120 ára afmælisýning Kjarvals stendur til 19. mars á Kjarvalsstöðum

BENT Á BERND

Bernd Koberling í Ásmundarsafni til 22. janúar, og Maðurinn og efnið standa til 2006.

GAMLA BÍÓ Á NÆSTA BAR

Sýning um Gamla bíó. Hugmyndir listamanna. Stendur til miðs nóvember á Næsta bar.

KEISARINN Í KÓPAVOGI

Tími Romanov-ættarinnar í Listasafni Kópavogs, Gerðarsafni. Til 4. desember.

ÞORSTEINN EINANGRAÐUR

Sýning Þorsteins Otta og hins danska ITSO. „ISOLATED“ stendur yfir í Bananananas.




GRAFÍSK HREYFING OG GLEÐI

Grafíksafni Íslands. Sýning Svanhvítar Sigurlinnadóttur, Hreyfing og gleði, stendur til 13. nóv. Opíð fimmtudaga til sunnudags í hverri viku kl. 14 til 18.

SIRKUS MÆLIR EKKI MEÐ FIMM SLÆMUM ÍSHOKKÍMYNDUM

D2. THE MIGHTY DUCKS (1994)

Íslenskt hokkílið eru slæmu gæjarnir í mynd sem að er bara hrein og bein niðurlægning fyrir Íslendinga. Maria Ellingsen er það eina góða við þessa mynd. Forðist annars eins og heitan eld. Reyndar er hann þarna fyrrverandi hennar Demi Moore að spila ágætis mót þarna.



SLAP SHOT 2: BREAKING THE ICE (2002)

Stephen Baldwin leikur aðalhlutverkið. Hann er einn af Baldwin bræðrunum. Þarf að segja eitthvað fleira? Baldwin fyrir boring eða? Nei, ekki alltaf en í þessu tilfelli, já. Svona frekar dapurt eins og reyndar íþróttamyndir almennt.

THE CUTTING EDGE (1992)

Kate er ofdekrúð skautadrottning með kjaft. Eru þær ekk allar þannig? Doug er sóðalegur íshokkíleikari. Saman ætla þau að vinna Ólimpíuleikanna í listskautum. Þau verða síðan ástfangin og.....ZZZZZZZZZZ. Þetta er bara same old.



MYSTERY ALASKA (1999)

Áður enn Russell Crowe vann óskarinn fyrir Gladiator lék hann í þessari pínu um smábæ í Alaska sem gjörsamlega flípar út þegar íshokkíliði þar á bæ er boðið að taka þátt í hokkímóti. Alveg hreinasta afbragð eða eitthvað í þá áttina.



YOUNGBLOOD (1986)

Svo hrikalega slæm að það er eiginlega bara yndislegt. Rob Lowe er olíuborinn íshokkíleikari að nafni Dean Youngblood sem þarf að leggja allt undir svo að hann gæti orðið frægur íþróttamaður. Svo er bara spurnin ghvort það takist. Hvað haldið þið?





ALGJÖR STRÁKASTELPA

Linda Björk Þórðardóttir er 24 ára gömul Reykjavíkurmær sem ætlar sér sigur í ICE-Fitness-keppninni sem fram fer í Laugardalshöll á morgun (laugardagskvöld). Sirkus fór og hitti Lindu Björk sem hefur æft sex sinnum í viku undanfarna mánuði og hlakkar mikið til keppinnar.

„Ég keppi í Fitness af því það er svo gaman. Ég hef áður stundað fótbolta og djassballet. Einnig var ég mikið í sveit sem barn.“ sagði Linda Björk sem hefur unnið sem lögreglumaður frá árinu 2002.

„Markmið mitt fyrir keppnina er fyrst og fremst að skemmta mér ógeðslega vel. Aðvitað stefni ég á að lenda ofarlega en það er ekkert hægt að spá einu né neinu. Það er allt opið en ég á fyrst og fremst von á skemmtilegri keppni. Það verður lifandi tónlist í þrautinni (í svörtum fötum spilar) og tvær saman í þraut.

Undirbúningur fyrir svona keppni er alls ekki auðveldur, miklar æfingar og strangt mataræði. Ég hef borðað haframjöl á morgnana og próteinduft á daginn á tveggja tíma fresti. Þá hef ég minnkað kolvetnaskammtinn.“

En er þetta ekki ofboðslega tímafrekt? „Ég er alveg frjálst (á lausu) og því hef ég kannski meiri tíma í þetta en sumar.“

Aðspurð hvort hún sé strákastelpa sagði hún: „Ég viðurkenni það alveg að ég er strákastelpa og hef alltaf verið. Ég á fleiri strákavini en stelpuvini.“ Linda Björk verður í eldlínunni í Laugardalshöllinni á laugardagskvöld. Þeir sem komast ekki í Höllina geta fylgst með á sjónvarpsstöðinni Sýn sem verður með keppnina í beinni útsendingu.



GENGUR VEL HJÁ WHITE STRIPES

Uppselt er í stúku á White Stripes-tónleikana sem haldnir verða í Laugardalshöllinni sunnudaginn 20. nóvember næstkomandi. Aðstandendur tónleikanna eru væntanlega mjög sáttir með það og bráðum fer hver að verða síðastur að næla sér miða á þessa tónleika. The White Stripes eru að tura til að kynna nýju plötuna sína „Get Behind Me Satan“ og er lagið „My Doorbell“ búið að gera allt brjálað hér á landi. Nýja smáskífan þeirra „The Denial Twist“ kemur út núna um helgina í sjoppurnar.

Ef þú ert ekki þegar búinn að kaupa þér miða á tónleikana skelltu þér þá á næstu Skífuverslun eða á midi.is. Miðaverð er 4.500 krónur plús miðagjald sem eru skítnar 350 krónur.



SPURT & SVARAÐ MEÐ GILLZ

Hvað haldið þið að ég fái mörg e-mail á viku frá fólki sem er í vandræðum með allan andskotann? Lágmark svona 30 meil á viku. En það kemur náttúrulega ekkert á óvart því að ég er að sjálfsgöðu sérfræðingur á svo mörgum sviðum. Þetta eru alls konar spurningar sem ég fæ. Allt frá því hvernig á að ná keppnistani í hvernig á að skeina sér. Þetta er ekki bara spurningar um strípur, tan og vöðva eins og maður hefði haldið.

Í staðinn fyrir að svara þessu öllu saman í meili þá hef ég ákveðið að svara þessu bara hérna í pistlinum:

SP: Sæll Herra Gillzenegger, þegar ég fer heim með dömu, á ég að fara í kúrekastígvél og vera með hann stífan strax eða er nóg að vera bara með kúrekahattinn?
Kv, Mr. Cowboy Man.

SV: Sæll Cowboy Man.

Ef þú ert að fara heim með dömu og ætlar að splæsa í kúrekalúkkii þá þarftu að plana það vel. Ekki halda að þú getir bara vippað þér í kúrekastígvél og haldið að þú sért flottur gæjli!

Þegar þú ert kominn heim með henni þá segirðu við hana:

„Afsakaðu mig fröken.“ Síðan röltirðu fram þar sem að kúrekadraslið þitt er. Það er samt eitt sem þú verður að gera áður en þú röltir úr herberginu og það er að gera lagið Dark Night með The Blasters klárt á fóninum.

Þú vippar þér síðan í kúrekastígvél og þau verða að vera með sporanum á, algjörlega nauðsynlegt. Fleygir síðan kúrekahattinum á þig og byssubelti líka. EKKERT annað en þetta. En litli díteillinn á þessu lúkki er sá að þú ert með hann þráðstífan. Þetta lúkk virkar ekki ef að jónssoninn er ekki í góðu atnói.

Þú röltir síðan að hurðinni, kveikir á Dark Night og skellir því í botn, og sparkar hurðina af hjörunum. Ef allt er eðlilegt þá á dömunni eftir að dauðbregða. Þú röltir síðan tvö skref inn í herbergið og segir „Howdy mam.“ Mjög mikilvægt að vera nagandi strá þegar þú segir þetta. Ef þú gerir þetta rétt þá ertu golden!

SP: Blessaður Gilli. Mér langar að bjóða einni dömu í bíó en ég þori því ekki. Hvað á ég að gera Gillz? Kv, HornyBoy.

SV: Sæll HornyBoy. Ef að marka má nafnið þitt þá ertu temmilega horny og stundar mjög líklega mök með sjálfum

þér nokkrum sinnum á dag. Þú ættir þá að vita það að sá sem hikar, fróar sér! Who hesitates, masturbates! Ekki vera með leggöng, smassaðu hana og segðu bara „Blessuð, HornyBoy hérna, viltu kannski kíkja í bíó með kallinum þegar þú hefur tíma...?“ Þetta er ekki flókna en það, félagi.

SP: Blessaður Gillzi. Heyróu, kærastan mín er alltaf að biðja mig að koma í eitthvað fokking matarboðs-kjafstæði með henni og fameliunni hennar en ég einfaldlega nenni því ekki. Get ég einhvernvegin komist hjá þessu? Með fyrirfram þökk, Kornelius.

SV: Sæll Kornelius. Ég skil þig mjög vel því að matarboð geta verið mjög svo þínleg og leiðinleg.

Ég ætla samt ekki að ljúga að þér Kornelius, þú verður að mæta í lágmark eitt matarboð með kærastunni þinni. En það veltur algjörlega á þér hvort þér verður boðið í fleiri matarboð. Það sem þú gerir er að þú reynir að rífa sem mestan kjaft í matarboðinu alveg frá fyrstu mínútu. Ef þú finnur að það eru sjálfstæðismenn á svæðinu þá þykist þú vera vinstri grænn, bara til þess að búa til leiðindi. En vertu samt gríðarlega hress og hávær, byrjaðu á að segja hátt og snjallt: „Blessaðir drengsi!“ Þú

veist að þú ert flottasti gæjinn þarna inni og þú mátt haka þér þannig.

Reyndu að koma með innkot inn í umræðuna í matarboðinu sem eru gjörsamlega úr samhengi. Ef fjölskyldan er t.d. að ræða málin og talar um að Davíð Oddsson sé toppmaður og þau hafi ekki viljað að hann hætti þá grípurðu frammi fyrir þeim og segir hátt: „Já, talandi um Davíð Oddsson maður, ég var á æfingu um daginn og var að dedda 200 kílóunum og síðan rak ég svona líka allsvaklega við í miðri lyftu, maður. Heyróu, ég þurfi síðan náttúrulega að drulla þannig að ég hljóp á klóstið og hvað haldiði að hafi gerst þar!? Haldiði að ég hafi ekki skitið á þunginn á mér!“ Þessi setning ein og sér ætti að gefa þér frí í næstu matarboðum.

SP: Blessaður Gils. Hvað er best að nota þegar ég raka á mér þunginn, er það rafmagnsvél eða gamla góða skafan bara...? Takk fyrir, Jonni.

SV: Sæll Jonni. Ég vil byrja á því að segja að ég er mjög ánægður með að þú skulir taka þá ákvörðun að raka á þér þunginn. En dreng, ef þú vilt halda þungnum á þér á sínum stað í guðanna bænum ekki láta rafmagnsvél koma NÁLÆGT honum. Ég þekki gæja sem ætlaði að vera flottur gæji og nota rakvélin á þunginn á sér. Tja, ég hef sjaldan heyrt önnur eins óskur! Stundum á næturnar finnst mér eins og ég heyri þau.

Skafan, ekkert annað dreng!

Fyrir ykkur sem eruð með spurningar, ekki hika við að láta þær flakka. Ég mun að sjálfsgöðu halda áfram að svara ykkur og leysa vandamálin ykkar.

Sendið allar spurningar á buffid@hotmail.com







Suðrænt kókosbragðið

*...sendir þig í huganum
beint á sólarströnd*





Florida



Coça

HUGO
HUGO BOSS

HUGO energise
the new fragrance



your fragrance

your rules